



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

# **Gunnarsslagur og Valagaldur Kráku**

*Eddukvæði frá 18. öld*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Haukur Þorgeirsson**

**September 2008**

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Íslensku- og menningardeild**

# **Gunnarsslagur og Valagaldur Kráku**

*Eddukvæði frá 18. öld*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Haukur Þorgeirsson**

**Kt.: 140780-4489**

**Leiðbeinandi: Sveinn Yngvi Egilsson**

**September 2008**



## Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um tvö kvæði frá 18. öld sem ort eru í stíl eddukvæða og varðveitt eru í eddukvæðahandritum; Gunnarsslag og Valagaldur Kráku. Bæði eru kvæðin gefin út í ritgerðinni. Sá texti Gunnarsslags sem hér er prentaður er mun upprunalegri en þeir sem áður hafa birst á prenti. Valagaldur Kráku hefur hins vegar ekki áður verið gefinn út.

Sýnt er fram á að Gunnarsslagur sé ortur síðsumars 1745 og viðtökur hans raktar upp frá því. Sérstaklega er fjallað um umræðu fræðimanna um kvæðið frá 1818, þegar það var fyrst prentað, og fram til 1867, þegar óyggjandi rök komu fram um að það væri eftir Gunnar Pálsson (1714–1791), prest í Hjarðarholti. Kvæðið er borið saman við Ossíanskviðu James Macphersons sem er frá svipuðum tíma en fleira reynist ólíkt en líkt með kvæðunum.

Ekki hefur áður verið fjallað um Valagaldur Kráku á prenti. Efni kvæðisins er að tveir valir fylgjast með samræðum Ragnars loðbrókar við Eysteín konung í Svíþjóð. Ragnar trúlofast þar Ingibjörgu Eysteinsdóttur en er áður kvæntur Áslaugu sem þá nefnist Kráka. Fuglarnir fljúga síðan til Áslaugar og vekja hana til að segja henni tíðindin.

Hér er sýnt fram á að Valagaldur Kráku sé að öllum líkindum eftir Árna Böðvarsson á Ökrum (1713–1776). Skýringar eru fundnar á skáldamáli kvæðisins, oft með tilvísun til Laufás-Eddu. Sýnt er fram á hvernig sagan um Kráku og fuglana hefur þróast frá elsta handriti Völsunga sögu og fram til þess að Árni tekur að yrkja.

Að lokum er í stuttu máli fjallað um Njörva jötuns kviðu sem einnig er varðveitt í edduhandritum og er trúlega einnig eftir Árna Böðvarsson. Þar er ort út af Snorra-Eddu og Ynglinga sögu en miklu bætt við frá hendi skáldsins.

## Þakkir

Eiginkonu minni, Arndísi Þórarinsdóttur, þakka ég yfirlestur og margs konar hjálp.

Starfsfólki handritadeildar og þjóðdeildar Landsbókasafnsins þakka ég hlýlegt viðmót og hjálpsemi. Sérstaklega þakka ég Eiríki Þormóðssyni fyrir aðstoð við rithandarsamanburð, Erni Hrafinkelssyni fyrir greiðvikni og Sjöfn Kristjánsdóttur fyrir ýmsar ábendingar.

Einari G. Péturssyni þakka ég yfirlestur og ábendingar um kaflann um höfund Valagaldurs.

Eysteini Björnssyni þakka ég aðstoð við skáldamál.

Peter Tunstall þakka ég ábendingar um formál og handritavarðveislu.

Eiríki Gauta Kristjánssyni þakka ég þýðingu á bréfbút frá Eyjólfri Jónssyni til Gunnars Pálssonar og umræðu um hann.

Adam Bishop þakka ég umræðu um sama bréf.

Leiðbeinanda mínum, Sveini Yngva Egilssyni, þakka ég samvinnuna.

## Notkun

Öll afritun og hvers kyns notkun þessarar ritgerðar er **heimil**. Ekki þarf að sækja frekara leyfi frá höfund.

# Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	5
1.1 Eddukvæði .....	5
1.2 Efni þessarar ritgerðar .....	6
1.3 Gunnar Pálsson .....	7
1.3.1 Ævi .....	7
1.3.2 Kveðskapur .....	8
1.4 Árni Böðvarsson .....	9
2. Gunnarsslagur .....	10
2.1 Hinn forni Gunnarsslagur .....	10
2.2 Gunnarsslagur kemst á prent .....	11
2.2.1 Annað bindi Kaupmannahafnarútgáfunnar, 1818 .....	11
2.2.2 Útgáfur Rasks og Afzeliusar, 1818 .....	13
2.3 Gunnarsslagur ungur? .....	15
2.3.1 Peter Erasmus Müller, 1818 .....	15
2.3.2 Finnur Magnússon, 1822 .....	15
2.3.3 P. A. Munch, 1847 .....	16
2.3.4 Niels Matthias Petersen, 1865 .....	17
2.4 Gunnarsslagur gamall? .....	17
2.4.1 Ludwig Ettmüller, 1837 .....	18
2.4.2 Karl Simrock, 1851 .....	19
2.4.3 Benjamin Thorpe, 1866 .....	20
2.4.4 Émile de Laveleye, 1866 .....	20
2.5 Deilunni lýkur .....	21
2.5.1 Konrad Maurer, 1868 .....	21
2.5.2 Sophus Bugge, 1867 .....	22
2.6 Hvenær var Gunnarsslagur saminn? .....	22
2.7 Handrit og prentaðar útgáfur Gunnarsslags .....	25
2.7.1 Landsbókasafn Íslands .....	26
2.7.2 Stofnun Árna Magnússonar .....	31
2.7.3 Det Kongelige Bibliotek .....	31
2.7.4 British Library .....	33
2.7.5 Bodleian Library .....	33

2.8 Gunnarsslagur – texti og athugasemdir.....	34
2.9 Skyldleiki handritanna .....	45
2.9.1 Nokkrar almennar athuganir .....	45
2.9.2 Tengsl F, H, I og J.....	46
2.9.3 Fjöldi lína í vísu .....	48
2.9.4 Ættartré handrita .....	49
2.9.5 Niðurstöður .....	50
2.10 Gunnar og Ossían.....	50
2.11 Ekta kvæði og óekta.....	52
3. Valagaldur Kráku.....	54
3.1 Handrit Valagaldurs Kráku .....	54
3.2 Valagaldur Kráku – texti og skýringar.....	56
3.3 Höfundur Valagaldurs.....	64
3.4 Þróun sögunnar um Áslaugu.....	68
3.5 Njörva jötuns kviða.....	72
4. Lokaorð.....	73
Viðauki – ljósmyndir af frumriti Gunnarsslags .....	75
Heimildir .....	77

# 1. Inngangur

## 1.1 Eddukvæði

Eddukvæði eru þau kvæði kölluð sem varðveitt eru í 13. aldar handritinu Konungsbók eddukvæða. Ýmis önnur kvæði eru venjulega einnig talin eddukvæði þótt ekki séu þau í Konungsbók. Þeirra á meðal eru Baldurs draumar eða Vegtamskviða, varðveitt í AM 748 I, 4to, Rígsþula og Gróttasöngur, varðveitt í handritum Snorra-Eddu og Hyndluljóð, varðveitt í Flateyjarbók. Hið yngsta þessara handrita er frá lokum 14. aldar og eru kvæðin því áreiðanlega öll eldri en svo. Einnig eru oft talin með eddukvæðum kvæðin Grógaldur og Fjölsvinnsmál en þau eru aðeins varðveitt í 17. aldar handritum og aldur þeirra er óljós. Yfirleitt er talið að þau séu frá miðöldum en sumir fræðimenn hafa talið að þau séu ort seint í stíl eddukvæða. Hrafnagaldur Óðins er einnig aðeins varðveittur í 17. aldar handritum. Það kvæði var að finna í mörgum 19. aldar útgáfum eddukvæða en Sophus Bugge taldi það ekki eiga þar heima og reyndi að úthýsa því úr síðari útgáfum. Forsendur hans eru athyglisverðar og gefa ágætlega tóninn fyrir umfjöllunarefni þessarar ritsmíðar.

Sidst i denne Udgaue kommer *Forspjallsljóð eða Hrafnagaldur Óðins*. Dette Digt bør for Fremtiden udelukkes fra Samlingen af norrøne mythiske og heroiske Kvæder. Det tilhører utvilsomt et ganske andet Standpunkt end alle de forhen omtalte Digte; disse ere alle folkelige, alle gjengive de umiddelbart den Tids Forestillinger og poetiske Opfatning, i hvilken de ere bleven til, alle har de gaat fra Mund til Mund længe før de bleve optegnede; Forspjallsljóð derimod er et lærd Digt, forfattet i senere Tid af en Mand, som var vel bevandret, ja belæst i de gamle Kvæder og som med Tendents søgte at efterligne en længst forgangen Tids Digtning; det blev rimelig fra først af fæstet med Pen i Bog. (Bugge 1867:xlvi–xlvii)

Nýlega hefur áhugi fræðimanna á kvæðinu kviknað að nýju. Jónas Kristjánsson (2002) reyndi að sýna fram á að kvæðið væri eldra en Bugge taldi, ef til vill frá 14. öld. Kristján Árnason (2002) mótmælti þeirri skoðun og taldi að kvæðið hlyti að vera



til orðið eftir hljóðdvalarbreytinguna og væri því ekki eldra en frá 16. öld. Annette Lassen (2006) taldi að bragfræðigreining Kristjáns dygði ekki til að sýna fram á að allt kvæðið væri ungt. Hún telur að kvæðið eigi heima í sama flokki og t.d. Fjölsvinnsmál og Sólarljóð.

Helsti háttur eddukvæða, fornyrðislag, dó aldrei út á Íslandi og í handritum frá 17. og 18. öld er talsvert varðveitt af nafnlausum kvæðum undir þeim hætti, álíka löngum og eddukvæðin fornu eru. Yfirleitt eru þessi kvæði ort út af einhvers konar ævintýrum og Ólafur Davíðsson gaf þau út (1898) undir samheitinu *sagnakvæði*. Þekktast þessara kvæða er Kötludraumur en einnig er rétt að nefna Gullkársljóð og Hyndluljóð hin yngri. Aldur þessara kvæða er yfirleitt mjög óviss.

## **1.2 Efni þessara ritgerðar**

Í eddukvæðahandritum 18. aldar er oft að finna fleiri kvæði en seinni alda fræðimenn hafa talið til eddukvæða. Þar má sjá forn kvæði undir edduháttum eftir kunna höfunda, til dæmis Merlínusspá Gunnlaugs Leifssonar. Einnig má finna sum sagnakvæðanna sem getið var að ofan, til dæmis Gullkársljóð. Í edduhandritum frá því um 1760 sjást síðan í fyrsta skipti kvæði sem nefnast Gunnarsslagur og Valagaldur Kráku. Örlög þessara kvæða urðu ærið misjöfn. Gunnarsslagur komst inn í fyrstu prentuðu útgáfu eddukvæða í Kaupmannahöfn, nánar tiltekið annað bindi hennar sem prentað var 1818. Kvæðið var þýtt á nokkur helstu Evrópumálin og fræðimenn deildu um aldur þess. Árið 1867 var loksins fullsannað að það væri eftir séra Gunnar Pálsson (1714–1791), prest í Hjarðarholti. Valagaldur Kráku hefur hins vegar aldrei komist á prent og aldrei dregið að sér athygli fræðimanna.

Það sem þessi tvö kvæði eiga sameiginlegt er það sem Bugge segir um Hrafnagaldur hér að ofan. Þau eru ort af lærðum mönnum sem vildu líkja eftir skáldskap fyrri tíðar. Þau voru eflaust ort með penna á blað og hafa sjálfsagt aldrei lifað í munnlegri hefð. Hitt er ekki jafnvíst, sem Bugge hefur greinilega talið, að slík kvæði hljóti að vera fremur ómerkileg tilgerð.

Meginviðfangsefni þessarar ritgerðar er útgáfa eftir bestu handritum af Gunnarsslag og Valagaldri Kráku. Einnig er hér rakin umræða fræðimanna 19. aldar um Gunnarsslag og hvort hann sé „ekta“ eddukvæði. Reynt er að bregða dálitlu ljósi á slíkar vangaveltur með samanburði við Ossíanskviðu James Macphersons. Þegar kemur að Valagaldri er leitast við að sýna fram á að Árni Böðvarsson (1713–1776) sé líklegur höfundur kvæðisins. Kvæðið sjálf þarf auk þess allnokkurra skýringa við og loks er sýnt fram á hvernig sagan sem það er ort út af hefur þróast frá því að fyrst er til hennar vitað.

## **1.3 Gunnar Pálsson**

### **1.3.1 Ævi**

Gunnar Pálsson fæddist 2. ágúst 1714, hinn áttundi af sextán börnum Páls Bjarnasonar og Sigríðar Ásmundsdóttur en þau voru prestshjón á Upsum á Upsaströnd við Eyjafjörð. Nafnkunnasta systkini Gunnars var Bjarni landlæknir.

Gunnar settist í Hólaskóla 1729 og brautskráðist 1735. Hann var djákni á Munkaþverá 1737–1740 en fór síðan til háskólanáms í Kaupmannahöfn og lauk guðfræðiprófi vorið 1741. Sneri hann síðan aftur til djáknastarfsins í eitt ár. Árið 1742 var Gunnar skipaður skólameistari á Hólum. Til þessa starfa reyndist hann mjög vel fallinn og batnaði kennslan frá því sem áður var. Árið 1748 gekk Gunnar að eiga Margrétu Erlendsdóttur og ári síðar fæddist þeim einkabarnið Páll. Vorið 1753 fékk Gunnar veitingu fyrir Hjarðarholti í Laxárdal. Þar þjónaði hann í þrjá áratugi en móðuharðindin léku hann illa og hann flosnaði upp sumarið 1784. Árið 1785 fluttist Gunnar að Reykhólum í Reykhólasveit og fékkst þar við barnakennslu og fræðistörf þangað til hann andaðist, 2. október 1791.

Heimildum ber saman um að Gunnar hafi verið góður skólameistari og fræðimaður en ekki mikill búmaður og aðeins í meðallagi sem prestur. Í fræðimennsku fékkst hann við íslenska sögu og bókmenntir. Hann þá kaup frá Árnanevnd í Kaupmannahöfn fyrir skýringar á fornyrðum í dróttkvæðum og eddukvæðum.

### 1.3.2 Kveðskapur

Gunnar Pálsson var eitt þekktasta og virtasta skáld á Íslandi á 18. öld. Eftir hann liggja kvæði í u.þ.b. 240 handritum, alls um 20.000 vísuorð (Gunnar Sveinsson 1997:12–13). Hann orti undir ýmsum háttum, fornum og nýjum, og töluvert á latínu. Þekktustu kvæði hans eru, auk *Gunnarsslags*, erfiljóð um Eggert Ólafsson og *Gunnarskvæði* um Gunnar á Hlíðarenda. Hann er einnig talinn hafa ort stafrófsvísurnar íslensku.

En þótt Gunnar hafi verið vinsælt skáld á sinni tíð hafa seinni tíðar menn ekki sýnt honum mikla ræktarsemi. Aldrei hefur verið prentað kvæðasafn eftir hann en aðeins eitt og eitt kvæði í tímaritum og safnritum. Sigurður Nordal tók reyndar upp tvö kvæði eftir Gunnar í hina áhrifamiklu lestrarbók sína en ekki voru allir sammála um að hann ætti þar erindi. Steinn Steinarr skrifaði ritdóm um lestrarbók Nordals og gagnrýndi efnisvalið.

Í fyrsta lagi langar mig til þess að spyrja: Hvers vegna eru þeir séra Gunnar Pálsson og Björn Gunnlaugsson teknir upp í þessa bók? Er það gert af bókmenntalegum ástæðum eða af öðrum mjög svo fjarskyldum ástæðum? Séra Gunnar Pálsson er samtíðarmaður Eggerts Ólafssonar og virðist ekki hafa haft mikið til brunns aða [svo] bera sem skáld eða bókmenntafrömuður, enda tekur Nordal aðeins eitt kvæði og eina vísu eftir hann, og er kvæðið illa gert, en vinsamlegt eftirmæli um vin hans, Eggert, látinn, en vísan fremur óskáldlegur samanburður á landkostum Íslands og Hollands. ... Þessir tveir menn hafa vafalaust verið hinir ágætustu menningarfrömuðir, en minningu þeirra er enginn sómi sýndur, þótt reynt sé að gera þá að því sem þeir aldrei voru, og kenningin um samhengið í íslenskum bókmenntum stendur nokkurn veginn jafn föstum fótum eftir sem áður, þótt báðum væri sleppt. (Steinn Steinarr 1986 [1942]:258)

Þetta er furðulega harður dómur og athyglisvert að Steinn stingur ekki upp á neinu öðru skáldi frá átjándu öld í stað Gunnars.

Gunnar Sveinsson rannsakaði bréf og önnur verk nafna síns áratugum saman og taldi hann greinilega ekki ómerkan lið í menningarsögu landsins. Ekki gerðist hann þó málsvari fyrir skáldskap Gunnars.

Því verður naumast á móti mælt, að kveðskapur Gunnars Pálssonar er engan veginn rismikill, enda var lægð í íslenskri ljóðagerð lengstum á 18. öldinni. (Gunnar Sveinsson 2000:13)

Ég hygg að Gunnar Sveinsson setji hlutina þarna í rétt samhengi – það er ekki kveðskapur Gunnars Pálssonar sérstaklega sem þótti eða þykir ekki nógu rismikill heldur er það 18. öldin meira og minna í heild sinni. Ef til vill er því um að kenna hversu mikil og viðvarandi áhrif rómantíska stefna 19. aldar hafði á íslenskar bókmenntir og íslenskan bókmenntasmekk. Umbylting rómantíkurinnar beindist að sumu leyti gegn þeim bókmenntum sem fyrir voru. Þegar þetta er haft í huga er skiljanlegt að seinni alda mönnum virðist 18. öldin kauðsleg og, eins og Steinn Steinarr gefur í skyn, varla skipta máli fyrir samhengið í íslenskum bókmenntum.

## **1.4 Árni Böðvarsson**

Árni Böðvarsson (1713–1776) varð stúdent úr Hólaskóla 1732. Hann bjó lengst á Ökrum á Mýrum sem var stórbýli en Árni var ekki að sama skapi mikill búmaður. Hugur hans hneigðist til skáldskapar og eftir hann liggur mikið safn kvæða. Hann var eitt afkastamesta og vinsælasta rímnaskáld 18. aldar og varð fyrstur íslenskra skálda til að sjá veraldlegar rímur eftir sig koma út á prenti en það voru rímur af Þorsteini uxafæti 1771. Á 18. öld voru einnig prentaðar eftir hann rímur af Agnari Hróarssyni og Ingvari víðförla en miklu fleiri flokkar liggja óprentaðir í handritum.

Árni nýtur þess að ferill hans og skáldskapur hefur verið meira rannsakaður en flestra annarra skálda frá svipuðum tíma. Þar er að þakka útgáfu Björns Karels Þórólfssonar á Brávallarímum sem Rímnafélagið gaf út 1965. Björn Karel gerði grein fyrir Árna og höfundarverki hans í miklum og vönduðum formála og er oft vísað til hans hér á eftir.

## 2. Gunnarsslagur

### 2.1 Hinn forni Gunnarsslagur

*Norna-Gests þáttur* er fornaldarsaga, varðveitt í *Ólafs sögu Tryggvasonar hinni mestu* í Flateyjarbók. Hún fjallar um Norna-Gest, danskan mann sem þekkti Völsunga, Gjúkunga og fleiri fornkappa. Gestur verður 300 ára gamall og við ævilok sín segir hann Ólafi konungi og hirð hans sögu sína. Einnig er þess getið að Gestur leiki á hörpu fyrir hirðina.

tekr Gestr hörpu sína ok slærr uel ok læingi um kuellit sua at ollum þikir unat j a at heyra ok slærr þo Gunnarsslag bezst. ok at lyktum slærr hann Gudrunarbrögð hinu fornnu. þau hofdu menn æigi fyrr heyrt. (*Flateyjarbók* 1860:348)

Fræðimenn hafa ekki verið á eitt sáttir um hvernig túlka beri þessi orð. Ekki er ljóst hvort Gunnarsslagur og Guðrúnarbrögð voru kvæði eða tónverk eða hvort tveggja. Allt eins gæti verið að þessi verk hafi aldrei verið til en nöfn þeirra séu aðeins hugarfóstur þess sem samdi Norna-Gests þátt. En ef þessi forni Gunnarsslagur var til er mjög líklegt að hann hafi vísað til dauða Gunnars Gjúkasonar. Þeim atburði er lýst í *Völsunga sögu*.

Nu er Gunnar konungr setr i einn ormgard, þar voru margir ormar fyrir, ok voru [hendr] hans fast bundnar. Gudrun sende honum haurpu ei[na, enn] hann synde sína list ek slo haurpuna med mikilli list, at hann drap streingina med tanum, ok lek sva vel ok afbragdligha, at fairr þottuzt heyrt hafa sva med haundum slegit, ok þar til lek hann þessa iþrott, at allir sofnudu ormarnir, nema ein nadra mikil ok illigh skreid til hans ok grof inn sinum rana, þar til er hun hio hans hiarta, ok þar leth hann sitt lif med mikille hreyste. (*Völsunga saga ok Ragnars saga loðbrókar* 1906–1908:101)

Hinn forni Gunnarsslagur, ef hann var nokkurn tíma til, hefur sennilega verið kvæði um dauðastríð Gunnars eða þá kvæði það eða tónverk sem hann átti að hafa flutt í ormagryfjunni. Ef um kvæði var að ræða er ekki ólíklegt að það hafi verið af ætt eddukvæða og svo hefur oft verið talið. Það sem skiptir sérstaklega máli hér er að í fyrsta bindi Kaupmannahafnarútgáfu eddukvæða töldu útgefendur Gunnarsslag til glataðra eddukvæða ([Skúli Thorlacius] 1787:xxxvii).

## **2.2 Gunnarsslagur kemst á prent**

### **2.2.1 Annað bindi Kaupmannahafnarútgáfunnar, 1818**

Í öðru bindi Kaupmannahafnarútgáfu eddukvæða, 1818, er prentað kvæði sem heitir Gunnarsslagur og er lagt í munn Gunnari í ormagryfjunni. Það er því engu líkara en hið glataða eddukvæði sem rætt var um í kafla 2.1 hafi komið í leitirnar. Í inngangi að útgáfunni er að finna ítarlegan rökstuðning útgefenda um það hvers vegna þeir hafi birt kvæðið og hvers vegna það sé þar í viðauka fremur en í meginmáli. Birgir Thorlacius mun einkum vera ábyrgur fyrir þessari umfjöllun en hún verður rakin hér nokkuð ítarlega ([Birgir Thorlacius] 1818:xxiv og áfram).

Birgir vitnar í Norna-Gests þátt þar sem Gunnarsslagur er nefndur og segir að þar sem kvæðið hafi ekki fundist í Konungsbók eddukvæða né í öðrum handritum í Svíþjóð og Danmörku hafi útgefendur fyrsta heftis Kaupmannahafnarútgáfunnar talið það glatað. Nú vilji hins vegar svo til að í Íslandsferð sinni 1780 hafi Guðmundur Magnússon, styrkþegi Árnastofnunar, uppgötvað kvæði með þessu nafni í pappírshandriti með öðrum eddukvæðum. Að vísu vöktu nokkrir staðir með honum grunsemdir um að kvæðið væri ungt en þó voru miklu fleiri sem honum fundust benda til að kvæðið væri ekta („authentic“) og honum fannst það jafnast á við Vegtamskviðu og Hrafnagaldur Óðins. Þar sem þetta var ekki aðeins skoðun Guðmundar Magnússonar heldur einnig annarra sérfræðinga höfðu edduútgefendurnir ákveðið að prenta Gunnarsslag sem þrettánda kvæði annars bindis edduútgáfunnar.

Útgefendurnir tóku nú að grennslast fyrir um kvæðið meðal lærðra manna á Íslandi. Gegnum Finn Magnússon barst þeim í hendur bréf frá Árna Þorsteinssyni í Norður-Múlasýslu til Guttorms Pálssonar dagsett 24.júlí 1815. Árni átti bók þá sem Guðmundur Magnússon skrifaði Gunnarsslag eftir. Í bréfinu rifjar Árni upp heimsókn Guðmundar og segir nokkuð frá handritinu. Hann segir meðal annars að Jakob Sigurðsson hafi skrifað það árið 1764.<sup>1</sup>

Árni segist hafa fengið bókina frá forvera sínum í embætti, Skapta Skaptasyni. Árni segir að Skapti hafi sagt sér að Gunnarsslagur hafi verið skrifaður eftir gömlu handriti sem Sigurður Eiríksson á Skeggjastöðum á Langanesströnd (d. 1768) hafi átt. Samkvæmt þessu geti Gunnarsslagur ekki verið eftir Gunnar Pálsson eins og almannarómur á Norður- og Vesturlandi haldi fram. Árni telur enda að kvæðið sé fornt.

Árni nefnir þó að sonur hans, Sigfús, segist hafa séð kvæðið þegar hann sótti Hólaskóla. Var það í handriti hjá Steinunni Pálsdóttur, systur Gunnars. Þetta handrit hafði að geyma kvæði eftir Gunnar Pálsson og var með hans eigin hendi. Seinna hafði Sigfús einnig séð kvæðið í Miklagarði við Eyjafjörð í kvæðasafni nokkru. Í því handriti var vandlega tiltekið að kvæðið væri eftir Gunnar Pálsson. Árni segist ekki hafa fleira fram að færa til úrlausnar þessa máls en hnýtir því þó við að ef kvæðið sé í raun eftir Gunnar Pálsson þá eigi hann varla neinn sinn líkan í skáldskaparlistinni, svo eðlilega líki hann eftir hinum fornu kvæðum.

Af bréfi Árna ráða útgefendur annars bindisins að Gunnar Pálsson hafi að minnsta kosti þekkt Gunnarsslag. Þar sem Gunnar var í stöðugu bréfasambandi við Árnanevnd þarf þá einhvern veginn að skýra hvers vegna hann hafi aldrei sent nefndinni þetta kvæði. Birgir og félagar hans telja þrjár skýringar koma til greina. Sú fyrsta er að Gunnar hafi sjálfur verið höfundur kvæðisins. Önnur er að hann hafi álitid kvæðið óekta.<sup>2</sup> Sú þriðja er að hann hafi viljað finna sterkari sönnun fyrir því að kvæðið væri ekta. Síðasta möguleikann telja þeir ekki líklegan því að kvæðið var að finna á Austurlandi þegar árið 1764 en Gunnar dó ekki fyrr en 1785. Þar sem Árni Magnússon gat heldur ekki fundið kvæðið við ítarlega eftirgrennslan séu svo

<sup>1</sup> Af lýsingu Árna má ráða að hér er um handritið ÍB. 299, 4to að ræða, sjá kafla 2.6.

<sup>2</sup> Um þessa orðnotkun sjá kafla 2.11.

mikilvægar efasemdir á ferð að ekki sé með góðu móti hægt að telja kvæðið til ekta eddukvæða. Því sé hins vegar ekki að neita að kvæðið beri mjög svip hinna fornu kvæða. Þó finna útgefendurnir tvö orð sem þeir telja að fornt skáld hefði varla notað; umsýslan og sárneyddrar (19. vísa).

Að auki sé það kunnugt að Gunnar Pálsson hafi ort lofkvæði um nafna sinn Gunnar á Hlíðarenda, Gunnarskvæði, og því ekki ótrúlegt að hann hafi einnig ort Gunnarsslag um Gunnar Gjúkason. Að Jakob Sigurðsson hafi skrifað kvæðið upp 1764 falli vel að þessari tilgátu því að Gunnar fékk Hjarðarholt þegar 1753 en áður var hann konrektor við Hólaskóla og þá mundi hann sennilega hafa ort kvæðið. Lítið sé á því byggjandi að Jakob eigi að hafa skrifað Gunnarsslag upp eftir gömlu handriti því að illa meðfarin pappírshandrit, skemmd af vatni og reyk, geta ólærðum augum auðveldlega virst eldri en þau eru. Þar sem margir hafi þó hingað til varið þá skoðun að kvæðið sé ekta og það sé svo líkt eddukvæðunum vildu útgefendurnir ekki sleppa því alveg heldur ákváðu að prenta það í viðauka. ([Birgir Thorlacius] 1818:xxvii).

Þessari fyrstu útgáfu Gunnarsslags fylgir latnesk þýðing á kvæðinu. Fyrsta erindi hljóðar þar svo.

Erat olim, cum GUNNAR  
Paratus esset ad moriendum,  
GJUKII filius,  
In GRABAKI coenaculis:  
Pedes erant liberi  
Regis filio,  
At manus constrictæ  
Duro vinculo. (*Edda* 1818:1000)

### 2.2.2 Útgáfur Rasks og Afzeliusar, 1818

Rasmus Christian Rask gaf út Sæmundar-Eddu með íslenskum skýringum 1818 og prentar þar Gunnarsslag í viðbæti. Hann virðist ekki í miklum vafa um að kvæðið sé eftir Gunnar Pálsson.



Þetta qvædi, sem R. eignadist á Íslandi, finnst í eingri Eddubók hverandi, ok mun það ort af Sra. Gunnari Pálssyni um nafna hans, eins og alment er haldit á Íslandi; enn skáldskaprinn er so ágætr, og innihaldid á so vel vid Niflúnga söguna at flestir lesendr munu heldr sjá það enn ecki. (Rask 1818:274)

Í vísu 21 gerir Rask athugasemd við ormsheitið Grávölluþr.

Rèttara Grá-fjölludr og þykir þetta merki medal annara sanna at Gunnar Pálsson eigi þessa qviðu. (Rask 1818:276)

Í sænska hluta útgáfunnar rekur Afzelius það sem sagt er um Gunnarsslag í Nornagests þætti en segir svo að sá Gunnarsslagur sem þar er nefndur sé glataður og að sá sem prentaður sé í útgáfunni sé, að mati flestra fornfræðinga, aðeins vel heppnuð eftirherma („en lycklig härmning“, Afzelius 1818:270). Afzelius segir að Guðmundur Magnússon og Rask hafi fundið kvæðið í handritum á Íslandi en vísar annars til athugasemda Kaupmannahafnarútgáfunnar og Rasks. Ekki er fyllilega ljóst af útgáfunni úr hvaða handritum Rask og Afzelius hafa haft Gunnarsslag en varla hefur það verið ÍB. 299, 4to eitt fyrst talað er um handrit í fleirtölu. Texti Rasks er þó mjög líkur texta fyrri útgáfunnar.

Fyrsta vísan í þýðingu Afzeliusar hljóðar svo.

Fordom hände att Gunnar  
fördes att dö,  
Gjukes son,  
i Gråbaks (ormarnes) salar:  
hans fötter lösa vore  
men hans händer bundna  
med fjättrer hårda. (*Sæmund den vises Edda* 1818:270)

## 2.3 Gunnarsslagur ungur?

Frá því að Gunnarsslagur var fyrst prentaður 1818 og næstu fimmtíu ár þar á eftir skiptust fræðimenn og útgefendur í tvo hópa. Sumir töldu mögulegt (en ekki endilega sennilegt) að kvæðið væri gamalt en hinir töldu ljóst að það væri eftir Gunnar Pálsson. Í þessum kafla eru rakin sjónarmið fjögurra fræðimanna úr seinni hópnum. Milli þeirra er athyglisverður samhljómur. Allir telja þeir Gunnarsslag vera snoturt kvæði og allir fjalla þeir um hann í samhengi við aldursgreiningu annarra eddukvæða.

### 2.3.1 Peter Erasmus Müller, 1818

Í umfjöllun um aldursgreiningu eddukvæða bendir Peter Erasmus Müller á að ekki sé alltaf á það treystandi að fornlegt kvæði sé gamalt því að yngri skáld geti stælt eldri stíl, um þetta sé Gunnarsslagur dæmi.

At endeligen langt senere Digtere have kunnet med Held sætte sig ind i Oldtidens Maneer viser Gunnarsslag, der er bleven digtet i det foregaaende Aarhundrede, og af de største Kiendere af den eddiske Poesie antoges for ægte (Müller 1818:127–8)

Müller telur þarna engan vafa um aldur Gunnarsslags. Athyglisvert er að hann er nokkuð á undan sinni samtíð í varfærni við aldursgreiningu (Fidjestøl 1999:59). Ef fræðimenn eiga í mesta basli með að greina hvort kvæði er frá miðöldum eða 18. öld er varla að vænta mikillar nákvæmni þegar kemur að aldursgreiningu einstakra eddukvæða.

### 2.3.2 Finnur Magnússon, 1822

Í danskri þýðingu eddukvæðanna sem Finnur Magnússon gaf út 1821–1823 er Gunnarsslagur ekki tekinn með. Finnur minnst hins vegar á hann í umfjöllun sinni um Hrafnagaldur Óðins. Hann telur sig hafa sýnt fram á að Hrafnagaldur sé fornt

kvæði og vísar þar meðal annars til þess að það innihaldi fáar vísanir til frásagna sem þekktar eru úr öðrum fornbókmenntum. Eins og Müller áður grípur Finnur til Gunnarsslags sem mótdæmis í aldursgreiningarumræðunni.

Det sidste er derimod øjensynlig tilfældet med det apokryfiske digt Gunnar Slagr, forfattet i nyere tider, for at efterligne Eddasangene. Vistnok er det ogsaa hvad sproget angaar, et mesterstykke, men dog forekommer deri enkelte nyere ord, som ikke var de gamle bekendte, skönt det var forfattet af en af Islands lærdeste og skarpsindigste oldgranskere. (Finnur Magnússon 1822:210)

Rétt er að atburðirnir sem Gunnarsslagur lýsir eru allir kunnir úr öðrum heimildum. Hin nýju orð sem Finnur hefur í huga eru væntanlega þau sem Birgir Thorlacius nefndi áður og nánar er fjallað um hér á eftir. Finnur tekur nokkuð annan pól í hæðina en Müller og gefur í skyn að jafnvel allra lærðustu og skörpustu menn geti ekki hermt fullkomlega eftir fornum kvæðum.

Raunar var Finnur Magnússon nokkuð seinheppinn í að skera úr um hvað væru forn kvæði og hvað ekki. Hann skrifaði meðal annars lærða ritgerð til varnar Ossíanskviðu og las kvæði um Harald Hilditönn út úr klettasprungum í Svíþjóð. Að Finnur hafi talið Gunnarsslag ungt kvæði eru því ekki endilega mikil meðmæli með þeirri skoðun.

### **2.3.3 P. A. Munch, 1847**

Í edduútgáfu P. A. Munch er Gunnarsslagur ekki tekinn með enda er útgefandinn greinilega ekki í vafa um að hann sé eftir Gunnar Pálsson. Nú bregður hins vegar svo við að fleira þykir orðið grunsamlegt en Gunnarsslagur. Munch bendir á að niðurlag Sigurdrífumála hafi verið óþekkt áður en Rask fann það í tveimur pappírshandritum á Íslandi 1814. Og hvaðan skyldu þessi handrit vera komin?

[D]en ene af disse havde tilhørt den lærde Gunnar Pálsson, der ved sit smukke Digt „Gunnarsslagr“ noksom har viist, at han forstod at tilegne sig Oldkvadenes eiendommelige Tone; det er derfor ei usandsynligt, at han er

Forfatter af hine Udfyldninger, der imidlertid passe vel til det Övrige og stemme godt med Völsungasagas Parafrese af de gamle Kvad, der af dens Forfatter ere benyttede. (Munch 1847:xi)

Munch bætist hér í hóp þeirra sem hæla kvæðinu. Það er heldur ekki lítið hrós um séra Gunnar að eigna honum hluta í Sigurdrífumálum.

### **2.3.4 Niels Matthias Petersen, 1865**

Niels Matthias Petersen fjallaði um aldur eddukvæðanna og nefnir þar Gunnarsslag til sögunnar á svipaðan hátt og Müller áður, til að vara menn við að draga ályktanir um aldur kvæðis út frá stíl þess.

Somme digtere, endog af de langt senere, digtede jo på begge måder, nemlig simpelt og enfoldig smukt, når de digtede i fornrydålag. For den sags skyld kunne altso de eddiske gærne være yngre end de kunstige digte. Det nydigtede Gunnarsslagr er jo endog så smukt som noget af de eddiske. Her er en vid mark for undersøgelser. Vi ville her blot antyde, at simpelhed i et digt ikke afgiver noget absolut bevis for dets ælde. (Petersen 1865:113)

Hér er kveðið fast að orði og Gunnarsslagur sagður jafn-snotur og hvaða eddukvæði sem er.

## **2.4 Gunnarsslagur gamall?**

Árið 1837 gerði þýskur fræðimaður tilraun til að sýna fram á að Gunnarsslagur væri gamalt kvæði. Hann virðist ekki hafa fengið marga á sitt band. Ýmsir tóku þó þann pól í hæðina að meðan ekki hefði fengist óyggjandi niðurstaða um aldur kvæðisins væri rétt að leyfa því að fljóta með eddukvæðunum. Þannig var Gunnarsslagur þýddur á þýsku, frönsku og ensku um miðja 19. öld.

### 2.4.1 Ludwig Ettmüller, 1837

Þjóðverjinn Ludwig Ettmüller var eini fræðimaðurinn sem gerði verulega tilraun til að sýna fram á að Gunnarsslagur væri fornt kvæði. Í bók hans um Niflungakvæði Eddu eru fjórtán blaðsíður helgaðar Gunnarsslag. Hann rekur þar nákvæmlega umfjöllun Birgis Thorlacius í Kaupmannahafnarútgáfunni og reynir síðan að hrekja þau rök sem þar eru sett fram fyrir að kvæðið sé ungt (Ettmüller 1837:106 og áfram).

Ettmüller þykir það ekki benda til að Gunnar Pálsson sé höfundur kvæðisins að hann hafi ort Gunnarskvæði um Gunnar á Hlíðarenda. Þvert á móti telur hann að Gunnarskvæði gæti verið rót misskilningsins – menn hafi vitað að Gunnar Pálsson orti kvæði um Gunnar á Hlíðarenda og að hann var fróður um forn kvæði, út frá þessu hafi komið upp ruglingur og Gunnar Pálsson verið talinn höfundur bæði Gunnarskvæðis og Gunnarsslags. Þetta er ekki óskynsamlega hugsað hjá Ettmüller þótt hann hafi ekki haft nein sönnunargögn til að styðja þessa kenningu. Þess má þó geta að slík gögn eru til því að í handritinu ÍB. 381, 8vo er að finna kvæði með yfirskriftinni Gunnarsslagur sem reynist vera Gunnarskvæði Gunnars Pálssonar. Einhvern tíma hafa menn því ruglað þessum kvæðum saman. Ettmüller bætir við að einnig komi til greina að menn sem sáu uppskrift Gunnarsslags með hendi Gunnars Pálssonar hafi af því ályktað að kvæðið væri eftir Gunnar.

Skemmtilegust verður rökfærsla Ettmüllers þegar kemur að því að skýra hvers vegna Gunnar Pálsson hafi aldrei skrifað Árnanevnd um kvæðið. Hann stingur upp á því að þegar sá kvittur hafi komið upp fyrir misskilning að Gunnar væri höfundur kvæðisins þá hafi klerkur látið sér það vel líka og ekki viljað bera á móti því.

Ettmüller gefur lítið fyrir að orðin *sárneyddrar* og *umsýslan* eigi að heita ung. Hann bendir á að orðið *sýsla* komi fyrir í eddukvæðum og einnig samsetningar sem byrja á *sár-*. Hvort sem þetta eru nú góð rök eða ekki hefði Ettmüller eflaust orðið glaður hefði hann fengið að vita að víshelmingurinn í Gunnarsslag sem þessi orð eru úr er ekki upphaflegur heldur síðari tíma viðbót (sjá kafla 2.8–9).

Ettmüller birtir þýska þýðingu á kvæðinu og hljóðar fyrsta vísan svo:

Einst war's, daß Gunnar  
gieng zu sterben,  
Giukis Sohn,  
in Grabaks Sälen.  
Frei waren die Füße  
dem Fürstensprößling,  
aber die Händ' in Haft  
harter Fessel. (*Die Lieder der Edda von den Nibelungen. Stabreimende  
Verdeutschung nebst Erläuterungen.* 1837:111)

### 2.4.2 Karl Simrock, 1851

Aðra þýska þýðingu á Gunnarsslag má finna í hinni áhrifamiklu þýðingu Karls Simrock frá 1851. Þar gerir Simrock stuttlega grein fyrir kvæðinu og segir að bæði af innihaldi og málstigi að dæma virðist það vera ungt og sé sennilega eftir Gunnar Pálsson. Enn sé þó rannsókninni um hvort kvæðið sé ekta ekki lokið og það sé því tekið upp í útgáfuna til þess að ekki komi fram brigsli um að hún sé ófullbúin (Simrock 1851:426–7)

Fyrsta erindi í þýðingu Simrocks hljóðar svo:

Einst wars, daß Gunnar  
Den Tod erwartete  
Guikis Sohn,  
In Grabaks Saal.  
Die Füße waren frei  
Dem fürstlichen Erben,  
Die Hände mit hartem  
Haft gebunden. (*Die Edda* 1851:427)

### 2.4.3 Benjamin Thorpe, 1866

Benjamin Thorpe birti enska þýðingu á Sæmundar-Eddu í tveimur bindum árið 1866. Í inngangi að seinna bindinu, sem inniheldur hetjukvæðin, segir Thorpe um Gunnarsslag:

The Eddaic series of the Völsung and Niflung lays terminates with the Lay of Hamdir; the one entitled Gunnar's Melody is no doubt a comparatively late composition; yet being written in the true ancient spirit of the North is well deserving of a place among the Eddaic poems. (Thorpe 1866:vii)

Thorpe hefur hér mjög almenn orð um aldur kvæðisins og er erfitt að giska á hvort hann hefur heldur hugsað sér að kvæðið væri frá átjándu öld eða talsvert eldra og þó yngra en kvæðin í Konungsbók. Að kvæðið sé haft með í útgáfunni er hér rökstutt á svipaðan hátt og hjá Rask, það er ort í anda eddukvæðanna og sómir sér vel með þeim.

Fyrsta erindi hljóðar svo í þýðingu Thorpes:

It of old befell that Gunnar,  
Giukis son,  
was doomed to die  
in Grábak's halls.  
The feet were free  
of the king's son,  
but his hands were bound  
with hard bonds. (*Edda Sæmundar hinns fróða* 1866:146)

### 2.4.4 Émile de Laveleye, 1866

Gunnarsslagur er prentaður í franskri þýðingu Émile de Laveleye á Niflungakvæðum Eddu. Í inngangi segir höfundur að það virðist ljóst að kvæðið sé ung stæling á

fornum kvæðum, rétt eins og kvæði Ossíans (de Laveleye 1866:177). De Laveleye heldur því fram að stíll, hugmyndir og mál kvæðisins bendi til þess að það sé ungt og sennilega sé það eftir Gunnar Pálsson. Þó verði ekki fram hjá því gengið í útgáfunni.

Cependant un certain nombre d'écrivains défendent encore l'authenticité de ce chant, et comme le débat n'est pas encore tranché, nous croyons devoir donner ici la traduction du *Chant de Gunnar*.<sup>3</sup> (de Laveleye 1866:311)

Afstaða de Laveleye minnir mjög á orð Simrocks, báðir telja sig knúna til að hafa kvæðið með í þýðingum sínum þar sem enn sé deilt um aldur þess. Þó telja þeir báðir mjög líklegt að kvæðið sé ungt.

Fyrsta vísa kvæðisins hljóðar svo í frönsku þýðingunni:

Il arriva que Gunnar, fils de Giuki, attendait la mort dans la tour de Grabak, le serpent. Les pieds du noble chef étaient libres, mais ses mains étaient attachées par de fortes entraves. (*La saga des Nibelungen dans les Eddas et dans le nord scandinave* 1866:311)

## **2.5 Deilunni lýkur**

### **2.5.1 Konrad Maurer, 1868<sup>4</sup>**

Í grein sinni um apókrýf íslensk verk ver Konrad Maurer nokkrum blaðsíðum í umfjöllun um Gunnarsslag (Maurer 1868:72–75). Hann rekur þar nokkuð ítarlega það sem kemur fram í formála Kaupmannahafnarútgáfunnar og drepur á ummæli nokkurra seinni höfunda. Maurer hefur áhyggjur af því að höfundar nýti Gunnarsslag sem ekta forna heimild og reynir að sýna fram á að enginn vafi geti leikið á að Gunnar Pálsson sé höfundur kvæðisins. Þetta er nokkuð undarleg rökræða því að Maurer nefnir hvergi

---

<sup>3</sup> „Samt sem áður eru enn nokkrir höfundar sem verja þá skoðun að þetta kvæði sé ekta og þar sem deilan er ekki enn útkljáð sjáum við okkur knúna til að birta hér þýðingu á *Söng Gunnars*.“

<sup>4</sup> Greinilegt er að Maurer hefur ekki séð Eddu Bugges þegar greinin var skrifuð og þess vegna hef ég skipað umfjölluninni niður í þessa röð.



Ettmüller á nafn og tekst ekki á við rök hans. Í raun bætir hann litlu við það sem fram kom hjá Birgi Thorlacius, hann er fyrst og fremst afdráttarlausari í skoðun sinni.

### 2.5.2 Sophus Bugge, 1867

Sophus Bugge gerði út um deiluna um Gunnarsslag í útgáfu sinni á eddukvæðum. Hann segir þar að lengi hafi lítill leikið á því að kvæðið væri eftir Gunnar Pálsson en sá litli vafi hafi horfið með upplýsingum sem Bugge fékk frá Guðbrandi Vigfússyni. Guðbrandur hafði fundið handrit þar sem Gunnar sjálfur eignar sér kvæðið skýrum orðum (Bugge 1867:xlix).

Bugge hafnar kenningu Munchs um að niðurlag Sigurdrífumála sé eftir Gunnar Pálsson. Hann telur innri rök sýna fram á að vísurnar séu fornar (Bugge 1867:235). Þetta hafa allir seinni fræðimenn fallist á, eftir því sem mér er kunnugt.

### 2.6 Hvenær var Gunnarsslagur saminn?

Hér fyrir ofan var vísað til orða Gunnars Pálssonar þar sem hann eignar sér Gunnarsslag í handriti. Lítum nú á þessi ummæli.

eg sendi þetta d nismídat þeim nafnkenda manni Sr. Eyolfi á Völlum, er vel lét yfer, oc lagdi þetta til sídast. Jubeo te macte esse tanto in Antiquitatis nostris profectu oc ætla ec þetta hafi verit 1745–46. Sveini lögmanni sendi eg oc Exemplar uppá occar cunugleica innanlands oc utann, er mitt litla verc vel approberadi, frammar moni ec ei af at seigia, enda máscé tortyindr se sá verci, þar mag. H. E. S. hans ei gétr í sinni sciagraph. hist. litt., en nefner þó adra mína smáqvedlínga. G.P.S. (Add. 11192, 9r; sbr. Bugge 1867:xlix)

Nú má spyrja hvort hægt sé að komast að nákvæmari og traustari niðurstöðu um yrkistímann en þessa upprifjun Gunnars löngu seinna um að hann hafi verið veturinn 1745–46. Þar má fyrst benda á að Eyjólfur Jónsson á Völlum dó 6. desember 1745.

Það er þá *terminus ante quem* fyrir svarbréf Eyjólfss til Gunnars og þar með einnig fyrir tilurð Gunnarsslags.

En þetta er ekki það eina sem við vitum. Nú vill svo heppilega til að gefið hefur verið út bréfasafn Gunnars Pálssonar. Að því verki vann Gunnar Sveinsson áratugum saman og gerði úr garði með ítarlegum skýringum. Niðurstaðan er því miður sú að ekki er varðveitt neitt bréf þar sem Gunnar nefnir Gunnarsslag á nafn. Af bréfum Gunnars til Sveins Sölvasonar lögmanns er aðeins eitt varðveitt en það er frá 1748 (Gunnar Pálsson 1984:15) og ekkert bréf frá Sveini til Gunnars hefur komið í leitirnar (Gunnar Sveinsson 1997:56). Hins vegar er varðveitt stutt kvæði eftir Svein þar sem hann lofar Gunnarsslag.

Leyfi eg Lóðins gáfu  
er lagin var Gunnari,  
leyfi eg landa jöfurs  
list með ilvegs kvistum,  
haglega hörpu stíga,  
hann var fremstur kóngsmanna,  
þuldi flet en foldar,  
fiska sæfðist hyski.

Leyfi eg Lóðins gáfu  
er lagin var Gunnari,  
þeim er gól fyrir gumum,  
Gunnars slag af munni.  
Íþrótt eldri skálda  
aftur fann sá tapta,  
kænn í kviðum fornum  
klerkdóms halur merkur.<sup>5</sup>

Þetta eru snotrar vísur og skemmtilegt hversu eðlilega þær flæða úr því að vera lof um Gunnar Gjúkason yfir í að vera lof um Gunnar Pálsson.

---

<sup>5</sup> Hér lesið eftir Lbs. 712, 8vo en stafsetning samræmd að nútímavísu. Kvæðið er einnig í Lbs 437 8vo, nánast samhljóða.

Af bréfum Gunnars til Eyjólfis á Völlum er eitt varðveitt í heild sinni, dagsett 18. ágúst 1744. Einnig er varðveitt brot úr öðru bréfi, dagsett 3. ágúst 1745. Það brot fjallar um orðið *hrímkálkr* og var prentað í þriðja bindi Kaupmannahafnarútgáfu eddukvæða 1828. Jafnvel þótt þetta væri allt sem hefði varðveist mundi það staðfesta að Gunnar og Eyjólfur skrifuðust á um mitt ár 1745 og styrkja þannig athugasemd Gunnars um að þá hefði hann sent Eyjólfvi Gunnarsslag. En nú ber svo vel í veiði að meira er varðveitt af bréfum Eyjólfis til Gunnars en af bréfum Gunnars til Eyjólfis, þótt þau hafi ekki verið prentuð. Í ÍBR. 120, 8vo eru varðveitt í uppskrift brot úr fimm bréfum Eyjólfis. Þar sést að bréf Gunnars sem dagsett er 18. ágúst 1744 er svar við 2. bréfi Eyjólfis (Gunnar Sveinsson 1997:43). Nú virtist vænlegt að athuga hvort eitthvert bréfabrotanna þriggja sem á eftir kæmu innihéldi svar Eyjólfis við Gunnarsslag og þá orðin („jubeo te...“) sem Gunnar rifjaði upp löngu seinna. Það kemur einmitt á daginn því að þriðja bréf Eyjólfis til Gunnars (ÍBR. 120, 8vo, bls. 204–5) er greinilega svar Eyjólfis við Gunnarsslag. Þar er einnig að finna svar Eyjólfis við athugasemdum Gunnars um hrímkálkinn. Aftur er heppnin með okkur því að þetta bréf er einnig varðveitt í tveimur öðrum handritum, í heilu lagi og með dagsetningunni 23. september 1745 (Gunnar Sveinsson 1997:46). Sá bútur sem hér skiptir máli er svohljóðandi:

Odam tuam in encomium antiqvi Regis, tui cognominis, non solum conceptam, sed et concinnatam, cum applausu perlegi iterum ac iterum, perlectam approbavi, approbatam admiratus sum, adeo ut judicare minime dubitem te in ea concinnanda antiqvorum poëtarum artem & leporem qvam proxime accessisse: Imo, si non satis nössem ejusmodi odam inter antiqva vatum poëmata hodie haud exstare, omnino eam alicui eorum attribuissem. Jubeo te macte esse tanto in antiqvis monumentis profectu. (Lbs. 712, 8vo, bl. 69v–70v með hliðsjón af samhljóða texta í Lbs. 1298, 4to, bls. 76–77 og brotinu í ÍBR. 120, 8vo, bls. 204–205)

Eða, í íslenskri þýðingu:

Lofkvæði þitt, haglega saman sett, um fornkonunginn nafna þinn las ég yfir með lófataki aftur og aftur, og gerði að lestri loknum leiðréttingar. Svo mjög dáðist ég að leiðréttu útgáfunni að ég gæti hiklaust fullyrt að með því að setja

kvæðið saman hafir þú komist eins nálægt hagleik og listfengi fornskáldanna og mögulegt er. Ef ég vissi ekki vel að ekkert kvæði af þessum toga er til í dag meðal fornra kvæða skáldanna, hefði ég algerlega eignað það einhverju þeirra. Ég óska þér til hamingju með því líkan árangur í fornbókmenntum. (Þýð. Eiríkur Gauti Kristjánsson)

Lesandinn á sennilega auðveldara með að átta sig á bréfaskiptum Gunnars og Eyjólfss með því að þau séu sett upp í töflu. Hér tel ég aðeins með bréf sem eitthvað er varðveitt af.

<b>1742</b>	<b><i>Gunnar Pálsson verður rektor á Hólum</i></b>
	1. bréf Eyjólfss til Gunnars
	2. bréf Eyjólfss til Gunnars
<b>18. ágúst 1744</b>	1. bréf Gunnars til Eyjólfss
<b>3. ágúst 1745</b>	2. bréf Gunnars til Eyjólfss (brot um hrímkálk varðveitt)
<b>23. sept. 1745</b>	3. bréf Eyjólfss til Gunnars (um Gunnarsslag og hrímk.)
	4. bréf Eyjólfss til Gunnars
	5. bréf Eyjólfss til Gunnars
<b>6. des. 1745</b>	<b><i>Eyjólfur Jónsson deyr</i></b>

Nú er freistandi að álykta að 2. bréf Gunnars til Eyjólfss hafi innihaldið Gunnarsslag ásamt hinni varðveittu umfjöllun um hrímkálk. Þetta þarf þó ekki að vera því að þriðja bréf Eyjólfss gæti verið svar við tveimur bréfum Gunnars. Ef svo hefur verið þykir mér líklegt af orðalagi Eyjólfss að dæma að bréfið um Gunnarsslag hafi komið á eftir bréfinu um hrímkálkinn. Að minnsta kosti er ljóst að Gunnarsslagur getur í allra síðasta lagi verið ortur í september 1745 og að líklega hefur hann verið ortur nokkru fyrir það ár.

## **2.7 Handrit og prentaðar útgáfur Gunnarsslags**

Gunnarsslag er að finna í mörgum handritum. Það elsta tel ég að sé frumrit frá 1745 en það yngsta sem mér er kunnugt er uppskrift frá því um aldamótin 1900.

Upphaflega hugðist ég taka lesbrigði úr öllum handritunum og reyna að koma þeim

fyrir í ættartré. Eftir því sem ég fann fleiri handrit fór mér þó að skiljast að þetta væri mjög tafsamnt verk og lítið áhugavert. Önnur handrit en þau elstu hafa yfirleitt ekki að geyma lesbrigði sem vert er að eltast við – yfirleitt aðeins minniháttar villur og afbakanir. Ef ég hefði fundið að kvæðinu væri breytt til bóta eða ort inn í það hefði ég tekið slíkt upp sem lesbrigði en ég hef ekki fundið slíkt. Gerð er grein fyrir einu undantekningunni (ÍB. 299, 4to) hér fyrir neðan. Annars er rétt að geta þess að þau handrit sem skrifuð eru eftir 1818 eru yfirleitt ekki runnin frá prentuðu útgáfunum.

Að endingu ákvað ég að til að orðamunurinn yrði skýr og gagnlegur væri rétt að taka aðeins upp lesbrigði úr handritum skrifuðum fyrir 1770. Til þessa flokks telst sú grein handritanna sem prentuðu útgáfurnar eru runnar frá og er áhugavert að skoða hvernig textinn breytist á leiðinni frá frumriti til útgáfu. Til að gera samanburð auðveldari hef ég tekið báðar prentuðu útgáfurnar frá 1818 upp í lesbrigðaskrá.

Að lokum er rétt að geta útgáfu Snorra Hjartarsonar frá 1945. Þegar ég bar hana ítarlega saman við aðra texta varð mér ljóst að hún er algjörlega byggð á útgáfu Rasks. Mér þótti því ekki ástæða til að taka orðamun úr henni. Athyglisvert er þó að Snorri samþykkir leiðréttingartillögur Rasks og breytir t.d. „sem“ í „er“ í 12. vísu.

Ég læt bókstafsauðkenni handrits úr lesbrigðaskrá fylgja safnmarki þess innan sviga þar sem það á við.

### **2.7.1 Landsbókasafn Íslands**

Í handritaskrá Landsbókasafnsins eru tilgreind sex handrit sem geyma Gunnarsslag (Páll Eggert Ólason 1937:400):

#### **Lbs. 437, 8vo (E)**

Kvæðabók og fleira með hendi Jóns Egilssonar á Stóra Vatnshorni, skrifuð um 1755–60.

**Lbs. 665, 8vo (F)**

Kvæðabók, að mestu með hendi Árna Böðvarssonar, skrifuð um 1755–60.

**JS. 231, 4to**

Kvæðabók, skr. um 1770–1800. Textinn hér er ekki sérstaklega vandaður og ekki tekinn upp í orðamun.

**JS. 55, 8vo**

Samtíningur með hendi Sigurðar Sigurðssonar á Núpi í Haukadal. Handritið er skrifað 1800–1804 og textinn er fremur óvandaður.

**JS. 494, 8vo**

Hluti af 50 binda kvæðasafni frá sautjándu, átjándu og nítjándu öld. Þetta handrit er árssett 1828. Hér er Gunnarsslag skipað meðal eddukvæða, á eftir Sólarljóðum og á undan Lokasennu. Handritið er ungt og ekki tekið upp í orðamun.

**Lbs. 2286, 4to**

Hluti af 8 binda kvæðasafni með hendi Sighvats Gr. Borgfirðings, skr. 1879–1905. Þetta er yngsta handrit Gunnarsslags sem mér er kunnugt.

Auk þessara handrita hef ég flett allnokkrum handritum á Landsbókasafninu og á nokkrum stöðum fundið Gunnarsslag. Helst hef ég leitað í Sæmundar-Eddum en einnig nokkuð í handritum tengdum Gunnari Pálssyni. Um er að ræða eftirfarandi handrit.

**Lbs. 2298, 8vo**

Sæmundar-Edda með hendi Daða Níelssonar, skr. 1835–6. Gunnarsslagur er síðasti hluti kversins og kemur á eftir kaflanum um dauða Sinfjötla.

### **ÍB. 299, 4to (J)**

Sæmundar-Edda með hendi Jakobs Sigurðssonar, skr. 1764. Fallegt myndskreytt handrit.

### **ÍBR. 24, 8vo**

Sæmundar-Edda með hendi Jóns Nielssonar í Grænanesi, skr. u.þ.b. 1840.

### **ÍBR. 36, 4to**

Sæmundar-Edda ásamt ýmsum fleiri fornkvæðum, skrifað 1813–1860. Gunnarsslag er ótvírætt skipað á bekk með eddukvæðunum og settur á milli Oddrúnargráts og Atlamála.

### **JS. 273, 4to a I (G)**

Handritið JS. 273 4to er allmikið safn af skrifum Gunnars Pálssonar í tveimur rauðum kössum, hvor kassi hefur nokkrar möppur sem merktar eru með rómverskum tölustöfum. Með JS. 273 4to, a I á ég við fyrsta heftið í fyrri kassanum. Þar er að finna efnisyfirlit yfir innihald beggja kassanna. Það er skrifað með snoturri snarhönd Jóns Sigurðssonar forseta. Í efnisyfirlitinu er talið að JS. 273, 4to a II 7 sé frumrit af Gunnarsslag og textinn þar borinn stuttlega saman við önnur handrit í safninu og prentuðu útgáfunar.

Á eftir efnisyfirliti Jóns er meðal annars að finna lítið hefti með fljótaskrift sem titlað er „Registur yfir Gunnars qvæði Pálssonar“. Á bls. 5–6 í heftinu er „Supplementum til Gunnars Slags“. Þar er að finna 16. vísu kvæðisins (þá sem vantar í frumritið) en auk þess seinni helming 11. vísu, alla 18. vísu og fyrri helming 19. vísu. Síðan stendur: „Þetta eptir auctoris autographo.“ Textinn hér virðist ekki vandaður en þar sem því er haldið fram að hér sé ritað eftir eiginhandriti höfundar hef ég tekið hann inn í orðamun.

## JS. 273, 4to a II 7 (A)

Þetta handrit, sem Jón Sigurðsson taldi vera frumrit, er eitt samanbrotið blað og ritað á báðar hliðar. Á nokkrum stöðum eru gefnir mismunandi leshættir með sömu hendi og textinn sjálfur. Annars staðar eru athugasemdir á latínu með annarri hendi. Allur frágangur hér er í góðu samræmi við að höfundur hafi sent blaðið í bréfi og að viðtakandi hafi síðan gert athugasemdir við það. Sérstaklega má sjá að leiðréttingar sem gerðar eru á textanum eru með þeim hætti að líklegra er að höfundur hafi gert þær en afritari. Ég tel allar líkur á að Jón Sigurðsson hafi haft rétt fyrir sér og að hér sé um frumrit að ræða. Þetta er væntanlega það eintak sem Gunnar Pálsson sendi Eyjólfí á Völlum og sem sá síðarnefndi gerði athugasemdir sínar við, eins og fjallað er um í kafla 2.6.

Ég vildi gjarnan staðfesta að bréfið væri með rithendi Gunnars. Þetta reyndist mér þó heldur erfiðara verk en ég átti von á. Hafa verður í huga að á þessum tíma voru latína og íslenska iðulega skrifuð með mismunandi leturgerðum (latína með snarhönd en íslenska með fljótaskrift) og auk þess var kveðskapur oft skrifaður með annarri leturgerð en prósi. Rithönd Gunnars breyttist auk þess nokkuð með árunum og loks má búast við að kvæði í fornunum stíl sé ritað á fornlegri hátt en annar texti. Til þess að fullt mark væri að samanburðinum hefði verið best að hafa sýni af öðrum íslenskum kveðskap Gunnars frá svipuðum tíma en slíkt auðnaðist mér ekki að finna.

Með aðstoð Eiríks Þormóðssonar bar ég samt sem áður saman höndina á kvæðinu við rithönd Gunnars á bréfi til Eyjólfis Jónssonar frá 1744 (varðveitt í Lbs. 298, fol). Við Eiríkur vorum sammála um að í þessum tveimur sýnum væru nokkrir einkennandi stafir býsna líkir. Eiríkur var auk þess samdóma mér um að frágangur á handriti kvæðisins væri þannig að svo virtist sem um frumrit væri að ræða. Hér virðist því allt benda til sömu niðurstöðu.

Ég hef lagt handrit þetta til grundvallar í útgáfunni, enda tel ég nánast öruggt að það sé frumrit. Jafnvel þótt í ljós kæmi að svo væri ekki er þetta samt greinilega handrit með mjög upphaflegum og góðum texta.



Spyrja mætti hvort yfirleitt sé ástæða til að taka orðamun úr öðrum handritum fyrst frumrit er fyrir hendi. Ég tel að það sé æskilegt vegna þess að Gunnar hefur áreiðanlega endurskoðað kvæðið eftir að þetta handrit var skrifað og meðal annars bætt við 16. vísu. Önnur handrit geta því verið runnin frá seinni frumritum Gunnars og þannig haft sjálfstætt gildi til að nálgast texta höfundarins. Auk þess er lærdómsríkt að sjá hvernig meðferð textinn hefur fengið í handritageymdinni og hvernig hann hefur þróast að þeirri gerð sem birtist í prentuðu útgáfunum.

### **JS. 273, 4to a II 8**

Hér er á ferð fremur ung uppskrift af Gunnarsslag, ef til vill eftir handriti í Bretlandi. Ég taldi ekki ástæðu til að taka þetta handrit upp í orðamun.

### **JS 273, 4to a IV (C)**

Handrit með kvæðum Gunnars Pálssonar, skrifað 1756. Þetta er gamalt handrit með vönduðum texta. Á eftir uppskriftinni af Gunnarsslag er að finna þessa athugasemd:

„Þesse Gunnars Slagur er approperadur af þeim hálærda manne sál: Sr Eyulfe, hvórs og einninn eru þau latinsku ord in margine sem innvísast með þessu teikni °. Enn hin ónnur skalldskapar ord hefur Author sett tanqvam variantes lectiones, sem víða occurrera, so vel i fornum qvidum, sem ódrum gómlum bókum.“

Síðan fylgja skýringar við kvæðið, meðal annars með hliðsjón af athugasemdum Eyjólfis. Athyglisvert er að lesbrigðin í A skuli hér vera tekin upp og talin, eflaust réttilega, runnin frá höfundi kvæðisins.

### **Lbs. 712, 8vo (D)**

Safn af kvæðum Gunnars Pálssonar, að mestu með hendi Halldórs konrektors Hjálmarssonar. Skrifað um 1800. Þótt handritið sé nokkuð ungt er það greinilega vandað og skammt komið frá frumriti, ég hef því tekið það upp í orðamun.

Auk þess er rétt að geta hér nokkurra edduhandrita sem ég leitaði að Gunnarsslag í en fann ekki, þó ekki væri nema til að spara þeim fyrirhöfn sem seinna kynnu að gera rannsóknir á þessu sviði. Gunnarsslag fann ég ekki í Lbs. 903, 8vo né Lbs. 1609, 8vo, né Lbs. 214, 4to, né Lbs. 215, 4to, né Lbs. 1441, 4to, né ÍB. 340, 8vo né JS. 429, 4to (þessi síðustu tvö eru reyndar svo þéttskrifuð og illa skipulögð að þar gæti ég hafa misst af einhverju). Athyglisverðasta tilfellið er ÍB. 539, 8vo en þar gerir höfundur grein fyrir heimildum sínum í formála og segir meðal annars: „Gunnarsslagur er tekinn eptir annari gamallri bók, hvar eckert annat Eddukvædi var í“. Ef til vill hefur þessi „gamla bók“ verið almennt kvæðasafn en ritari ÍB. 539, 8vo hefur séð að Gunnarsslagur hefur öll einkenni eddukvæða og þess vegna viljað taka hann með í sína Sæmundar-Eddu. Ekki hefur síðan orðið úr þessari fyrirætlun.

Samkvæmt ofansögðu hef ég fundið Gunnarsslag í fimmtán handritum í Landsbókasafni, þar af sex með því að fylgja handritaskrá og níu með því að fletta handritum sem virtust líkleg. Þar sem skráningin er svo ófullkomin má búast við því að kvæðið leynist í fleiri handritum en ekki voru tók á því að sinni að gera ítarlegri leit.

### **2.7.2 Stofnun Árna Magnússonar**

#### **SÁM. 66 (I)**

Í prentuðum skráum um handrit á Stofnun Árna Magnússonar er Gunnarsslags að engu getið. Hann er hins vegar að finna í handriti sem áskotnaðist stofnuninni nýlega, svokallaðri Melsteðs-Eddu, með hendi Jakobs Sigurðssonar, skr. 1765–1766. Þetta er fallett myndskreytt handrit.

### **2.7.3 Det Kongelige Bibliotek**

Í skrá yfir fornorræn og íslensk handrit í Konungsbókhöfðu er Gunnarsslagur skráður í þremur handritum (Kålund 1900:489):

### **NKS. 1867, 4to (H)**

Edduhandrit með hendi Ólafs Brynjúlfssonar, skr. 1760. Fallett myndskreytt handrit. Það er enn varðveitt í Konungsbókhöfðu og má skoða ljósmyndir af því á vef safnsins. Þetta er systurhandrit SÁM. 66 og hefur meðal annars sömu goðamyndir. Einnig er greinilegur skyldleiki milli þessara tveggja handrita og ÍB. 299, 4to. Mér er ekki ljóst nákvæmlega hvernig skyldleikanum er háttað, einfaldast væri að Jakob Sigurðsson hafi skrifað bæði ÍB. 299, 4to og SÁM. 66 eftir NKS. 1867, 4to og er sú tilgáta rædd nánar í kafla 2.9. Gísli Sigurðsson (2002:180) gefur það í skyn en fullyrðir ekki. Gísli gerir reyndar óþarflega lítið úr SÁM. 66 þegar hann segir að það „sé ekki heimild um upphaflegan texta né frumlega myndlist“. Gísli gætir þess ekki að handritið hefur að geyma betri og upphaflegri texta að Gunnarsslag en þann sem prentaður hefur verið.<sup>6</sup>

### **NKS. 1877, 4to**

Lítið handrit frá lokum 18. aldar. Inniheldur aðeins uppskrift Guðmundar Magnússonar af Gunnarsslag „med hans fá-einum Leidrettíngum og utskýringum“ (Kålund 1900:256). Handritið mun skrifað eftir ÍB. 299, 4to og aftur mun Kaupmannahafnarútgáfa Gunnarsslags byggjast á því. Handritið er þess vegna ekki líklegt til að hafa sjálfstætt gildi svo að ég hef ekki lagt út í kostnað við að fá ljósmyndir af því.

### **Uldall 327, 4to (B)**

Gunnarsslagur er eina kvæðið sem skráð er í þetta handrit, annað efni þess er að mestu ýmiss konar fróðleikur um Ísland. Í skrá Kålunds er Gunnarsslagur talinn sjötta efni handritsins, fimmta efnið er „Schediasma de voce Bondi“ eftir Eyjólf Jónsson. Við þessi tvö efni segir Kålund að sé viðlögð eftirfarandi athugasemd: „Communicavit mecum B. Pauli, studiosus medicinæ, Islandus, Havnix 1749, d. 5. Febr. et 9. Apr.“ (Kålund 1900:401). Þessi íslenski læknanemi B. Pauli getur varla verið neinn annar en Bjarni Pálsson, bróðir Gunnars og síðar landlæknir. Gunnar útskrifaði bróður sinn úr Hólaskóla þann fyrsta júlí 1745. Þann fyrsta október 1746 sigldi Bjarni til

---

<sup>6</sup> Um frumlega og ófrumlega myndlist veit ég lítið en mér þykir þó rétt að geta þess hér í framhjálaupi að myndskreytingin við Þjassasöguna í SÁM 66 er mjög frábrugðin þeirri í NKS 1867, 4to.

Kaupmannahafnar til náms og þar var hann enn 1749 þegar hann sendi frá sér Gunnarsslag (Sveinn Pálsson 1944:31–37).

Bjarni hefur líklega haft texta af Gunnarsslag beint frá bróður sínum. Þar sem handritið er svo gamalt pantaði ég ljósmyndir af því frá Konungsbókhöfðu.

#### **2.7.4 British Library**

##### **Add. 11192**

Í edduútgáfu Bugges er getið handrits með Gunnarsslag í British Museum með safnmarkið 11,192. Samkvæmt leit á vef British Library er handritið þar nú og hefur þessa lýsingu: „GUNNARIS PAULI Poematum collectio ; Islandice. Chartaceus, sec. xviii.. Duodecimo.“ Bugge segir að kvæðasafnið sé ekki eiginhandrit Gunnars en hann hafi bætt í það athugasemd einhvern tíma eftir 1773. Ég hugðist upphaflega panta myndir af þessari uppskrift kvæðisins og athugasemd Gunnars Pálssonar sem þar er að finna. Þegar á hólminn var komið reyndist verðið hins vegar svo hátt að ég lét duga að fá myndir af athugasemdinni.

#### **2.7.5 Bodleian Library**

##### **Bor. 101**

Eitt handrit með Gunnarsslag er að finna í Bodleian Library í Oxford (Madan 1980:461). Ég hef ekki lagt út í kostnað við að fá myndir af því.

## 2.8 Gunnarsslagur – texti og athugasemdir

- A: JS. 273, 4to a II 7  
B: Uldall 327, 4to  
C: JS. 273, 4to a IV  
D: Lbs. 712, 8vo  
E: Lbs. 437, 8vo  
F: Lbs. 665, 8vo  
G: JS. 273, 4to a I  
H: NKS. 1867, 4to  
I: SÁM. 66  
J: ÍB. 299, 4to  
K: Kaupmannahafnarútgáfan (1818)  
L: Útgáfa Rasks (1818 en á eftir K)

1. Ar var þat Gunnarr  
gorþiz at deya  
Giuka sonr  
at grabaks saulom  
fætr varo la/ssir  
a fylkis niþ  
enn hendr heptar  
harþom fiautri

Við fyrsta orðið er í A athugasemd eftir Eyjólf Jónsson: „ar: hoc loco principium recte“, þetta er tekið upp í BCDE.

- 1.1 þat] þat er, L  
1.2 gorþiz] giorþiz, B  
1.5 varo] voro, IK; voru, L  
1.5 la/ssir] La/sir, EHI; la/ser, I; lavsir, K

2. Fenginn var harpa  
folcdiorfom gram  
iþrott syndi  
ilkvistom hrærþi  
steig högliga  
harpo strengi  
vara su list leikinn  
nema lofþungs kundi

2.3–4 Hér stendur úti á spássíu í ABCDE: „al: het ser at hialp / hann oddruno“

2.4 ilkvistom] ylkvisto om, J; Yl-qvisto om, K; il-qvisto, L

2.5 högliga] haglega, K

2.8 kundi] fyrst skrifað „syni“ í A en strikað yfir

3. Saung þa Gunnarr  
sva meþlandi  
fekk mál harpa  
sem maþr vęri  
enn ei sętara  
þot svanr vęri  
glumdi orma salr  
viþ gullnom strengiom

3.5 ei] eigi, L

3.6 þot] þott, E; þo t<sup>i</sup>, F; þo, HJ; þö, I; Þó, K

3.6 vęri] Fyrst skrifað stęþi í I en svo leiðrétt

3.7 orma salr] Omasalr, H

4. Mina veit ec systr  
manni verst gefna  
oc niflunga  
niþingi festa  
heim bauþ Atli  
Haugna oc Gunnari

magom sinom  
enn myrði baða.

5. Vig let þa  
fyri veizlo taca  
oc orrosto  
fyrir aulteiti  
þat man ę uppi  
meþan auld lifir  
leca sva við maga  
mangi forþom.

5. Þessi vísa er skrifuð á eftir 6. vísu í A en merkt 'a' og hin 'b'.

5.2 fyrir] fyrir, L

5.4 fyrir] for, F; fyre, J; Fyri, K

5.5 man] mun, B

5.7 leca] fyrst skrifað „lecat“ í A en strikað yfir t-ið.

5.8 mangi] fyrst skrifað „maþr neinn“ í A en strikað yfir.

6. Hvi þu sva Atli  
heiptir rekir  
sialf olli Brinhilðr  
sinom daða  
oc Sigrþar  
Särom bana  
hvi viltu Guþruno  
grętta läta

6.7 viltu] villtir, F; vilter, H; vilþer, J; vildir, KL

6.7 Guþruno] Goþruno

7. Sagði Huginn forþom  
a hámm meifi  
ossar ofarar

at maug dauþann  
sagþi mer Brinilðr  
Buþla dottir  
hve myndi Atli  
oss um vęla.

7.2 a] Af, K

7.3 ofarar] ofarir, FI; Öfarir, HJ; ófarir, KL

7.4 at] Hér hefur Eyjólfur skrifað athugasemdina „post, recte“ út á spássíu í A, hún er tekin upp í BCD

7.6 myndi Atli] Atli mýndi, F; Attli mýndi, H; Attli Munþi, IJ; Atli mvndi, KL

7.7 myndi] mundi, E

7.8 um vęla] um-vęla, L

8. Gat þez oc Glaumvòr  
er við gistom beþi  
hin/zta sinni  
i hvilo einni  
minni varo malo  
megnir draumar  
farattu Gunnarr  
flar er þer nu Atli.

8.6 draumar] Dra/mr, B; draumir, C; sennilega upphaflega draumir í D en leiðrétt í draumar

8.7 farattu] fara atto, H

9. Daurr sa ec þinóm  
dreyra roþinn  
galga gorrann  
Giuca syni  
hugþa ec þer dísir  
heimboþ gora  
mano yccr bræþrom



buinn velræði

9.1 þinom] þinn, L

9.7 mano] man, I

9.8 velræði] vęlræði, F; vélræði, K

10. Qvaþ oc Costbera

qven var hon Haugna

runar villt ristnar

oc raþna dra/ma.

Snotrt var hiarta

i siklinga briosti

hvergi matti hræþaz

harþann dauþa.

10.1 oc] ec, C; upphaflega ec í E en leiðrétt í oc

10.5 Snotrt] snotr, F

10.7 hvergi] hvórgi, D; Hvargi, K

10.7 matti] skrifað „al. knatti“ úti á spássíu í A, sú athugasemd tekin upp í BCDE;

knatti, H; knatte, J; knátti, KL

11. Oss hafa nornir

aldr um lagit

aurfom Giuca

at Oþins vild

ma viþ órlogom

eingi sia

ne heillom horfinn

hugom treysta

11.6 eingi] engin, G; mangi, L

11.6 sia] strikað undir orðið og skrifað „vel vinna“ úti á spássíu í A en síðan strikað yfir athugasemdina. Hún er ekki tekin upp í önnur handrit.

11.8 hugom] strikað undir orðið og skrifað „al. happi“ úti á spássíu í A en síðan strikað yfir athugasemdina. Hún er ekki tekin upp í önnur handrit.

12. Hleir mic þat Atli  
at þu hefir ei  
hringa raþa  
sem Hreiþmarr atti  
einn veit ec hvar fe þat  
folgit liggr  
siþz þer Haugna  
til hiarta scaroþ.

12.1 Hleir] Hlęr, IJ; Hlær, KL (en athugasemd í L um að hlægir væri réttara)

12.2 ei] eigi, KL

12.4 sem] athugasemd í L um að hlējanda væri réttara

12.7 siþz] Siþaz, I; Siþa<sub>N</sub>, J; Siþan, KL

12.8 scaroþ] sca/roþ, H; skáro, K

13. Hleir mic þat Atli  
at þer huna kindir  
hlejandi Haugna,  
til hiarta scaroþ  
hnipnaþit hniþlungr  
viþ holundo  
ne ser viþ bra  
saran dauþa.

13.1 Hleir] Hlęr, IJ; Hlær, KL (en með athugasemd í L)

13.3 hlejandi] Hlęgianda, K

13.4 scaroþ] sca/roþ, H

13.5 hnipnaþit] Hér hefur Eyjólfur skrifað „hnipnadi at, recto“ úti á spássíu í A, athugasemdin tekin upp í BCD.

13.7 viþ bra] viþ-brá, L

13.7–8 nesar við BrazaraN Daþa, HIJ en leiðrétt úti á spássíu í J í „Né sér við brá /  
sáran daþa“, sennilega með annarri hendi

14. Hleir mic þat Atli  
at þu hefir latna  
menn þina marga  
er meztir varo  
for ossom sverþom  
aþr svelta fengir  
hefir or mǫrr systir  
meiddann þinn broþr.

14.1 Hleir] Hlę, IJ; Hlær, KL (með athugasemd í L)

14.2 þu hefir] hefir þu, E

14.4 meztir] meztir, E; meztaster, I

14.4 varo] váro, F

14.5 for] Fyrst skrifað fyr í A en síðan strikað yfir y-ið og skrifað o í staðinn; for,  
BCDEFHIJKL

14.5 aþr] äþir, I; aþir, J

14.6 svelta] Eyjólfur hefur hér skrifað „deydda, recte“ út á spássíu í A, athugasemdin  
tekin upp í BCDE; svetla, E

14.7 mǫrr] męr, FHJ; mær, KL

14.7 systir] syzr, H

14.7 hefir Ormer Syzr, I

15. Skalat enn Gunnarr

ęþro męla

Giuca sonr

at grafvitnis boli

ne hryggr coma

til heria fauþr

hefir fyr buþlungr

bauþvi vaniz.

15.6 Hér þrýtur B, eða minnsta kosti það sem ég hef af B.

15.8 Við þessa línu stendur „al. sena“ úti á spássíu í A en ekki er mér ljóst til hvers það vísar; tekið upp í D

[16. Fyrr scal mer goinn

grafa til hiarta

oc niþha/ggr

niro siuga

linr oc lingbacr

lifr or slita

enn ec minni hafni

hugar prydi]

16. Þessi vísa er ekki í A en er annars í öllum handritum sem ég hef fundið (nema B, sem þrýtur áður). Hún er hér tekin eftir C.

16.5 linr] Linnr, E; linr, H; Linur, J; Linur, K; Linnr, L

16.5 lingbacr] langbacr, F; längbacr, H; laangbakr, J; Láng-bakr, K; Långbakr, L

16.6 lifr or] lifror, HIJK; lifrar, L

17. Þess man Goðrun

graliga reca

er occr let

Atli svikna,

hon mun þer konongr

hiorto gefa

huna þinna

heit at qveldverþi

oc blandinn miþ

bloþi þeirra

dreccr þu or scáлом

scarar fialla

17.2 graliga] sennilega upphaflega ritað „gralega“ en e-inu breytt í i; gralega, E; Grálega, KL

- 17.5 mun] man, FIKL  
 17.6 konongr] konúngi, K; orðið vantar í L  
 17.8 qveldverþi] kvolldverþi, E; Qva/ldverþi, H  
 17.8 Á eftir þessari línu eru erindaskil í HIIJKL  
 17.11 fialla] athugasemd úti á spássíu í AC  
 17.11 scáлом] ska/lom, J  
 17.12 scarar] ska, J

18. Su man þic hugraun  
 harðaz bíta  
 er þer Guþrun bregþr  
 glæpom slicom  
 scaum mun þin efi  
 at scioldunga liþna  
 illann fær þu enda  
 af orom sifspellom.

18.1 Hér eru ekki erindaskil í HIIJKL, þar eru 17.9–12 og 18.1–4 saman eitt erindi.

18.1 Su] Sia, E

18.3 Guþrun] Gopron, E

18.3–4 Þessar línur eru svo í G: er þér Gudrun / glæpum bregdur

18.5–8 Þessar línur eru sjálfstætt erindi í H en standa saman með 19.1-8 í I. Í JKL eru

18.5–8 fyrri hluti erindis sem endar á „er þer slýk maklig / af um syðlan Vorar / Syzur  
 saarneðrar / Svik þer at Gialpa“. Í L vantar þer í síðustu línu.

18.5 mun] man, FI

18.6 at] Aftur gerir Eyjólfur athugasemd úti á spássíu í AD; of, C

18.7 fær þu] færþu, CD

18.7 illann fær þu] færþu illan enda, L

18.8 sifspellom] líf-spellum, G

19. Man þic Goprun  
 geiri leggja  
 oc niþlungr  
 neþri standa

leica man þin haull  
i loga raþom  
sva mant þu a naströndom  
niþha/ggvi gefinn

- 19.1 Man] mun, G
- 19.1 Goprun] Guþrún, L
- 19.3 niþlungr] niþlungi, E
- 19.7 svu mant þu] Síþan mantv, K
- 19.7 mant þu] manwtu, I; mantü, J; muntu, L

20. Sofinn er nu grabacr  
oc grafvitnir  
goin oc moin  
og grafvaulluþr  
ofnir oc svafnir  
eitir fánilr  
naþr oc niþhauggr  
oc nauþror allar  
hringr hauggvarðr  
fyr haurpo slétti.

20.4 grafvaulluþr] Grávölluþr, L og athugasemd neðanmáls: „*Réttara Grá-fjölludr og þykir þetta merki meðal annara sanna at Gunnar Pálsson eigi þessa qviþu.*“

- 20.6 fánilr] athugasemd úti á spássiu í ACD
- 20.8 nauþror] nauþr or, CD
- 20.9 hauggvarðr] hoggvarþr, E
- 20.10 fyr] for, C; fyrir, E; upphaflega for í D en leiðrétt í fyr; fyri, H; fyre, I; Fyri, K

21. Ein vakir uppi  
Atla moþir  
hefir su mic holgrafit  
at hiarta rotom  
lifir um sygr

oc lungo slitr  
erat lengr lift  
lofþungs kundi.

22. Hættu nu harpa  
heþan man ec liþa  
oc valhauullo  
viþa byggia  
drecca meþ asom  
dyrar veigar  
seþiaz serimni  
at sumblom oþins

22.1 nu] Fyrst skrifað „min“ í CD en strikað undir það og „nu“ skrifað fyrir ofan.

22.2 man] mvn, K

22.3 valhauullo] valhauullo v, E

22.5 asom] Strikað undir orðið og skrifað „(einheriom)“ úti á spássú í ACDE.

22.7 seþiaz, sedraz, E

22.7 serimni] Sęrimni, I; Sęrimni, K; Sęhrímni, L

23. Nu er Gunnars slagr  
gorva qveþinn  
hefic ha/ldom scemt  
hinnzta sinni.  
fár man eins siþann  
fylcir ilkvistom  
hliofagra sveigia  
haurpo strengi

23.2 gorva] giorva, E

23.3 hefic] hef ec, E; hef ek, I; hef ec, J; Hef ek, KL

23.5 eins] enn, KL

## 2.9 Skyldleiki handritanna

### 2.9.1 Nokkrar almennar athuganir

Þar sem athugasemdir Eyjólfssonar í A eru teknar upp í BCDE hljóta þau öll að vera runnin frá A, sennilega flest með engum eða fáum milliliðum. Aftur er hins vegar ljóst að CDE geta ekki verið skrifuð eftir A einu því að þau hafa 16. erindið umfram A. Ekki er hægt að fullyrða um B því að það þrýtur í 15. vísu.

Greinilegt er af sameiginlegum villum að C og D eru náskyld. Ekkert er beinlínis því til fyrirstöðu að D sé skrifað eftir C og væri það einfaldasta skýringin. Ekkert er sameiginlegt með B, C eða E sem bendir til að eitt þeirra sé skrifað eftir öðru.

Fyrirfram var vitað að útgáfan K væri gerð eftir handritinu J (með einum millilið) og að útgáfan L væri gerð eftir K, J og hugsanlega einhverjum fleiri handritum.

Textasamanburðurinn sýnir gjörlla að þetta er rétt því að allar villurnar í J ganga aftur í K og L. Ef Rask hefur haft einhverja aðra heimild til hliðsjónar en K og L hefur hann mjög lítið notað hana.

Einnig var fyrirfram vitað að I og J væru líklega skrifuð eftir H, annaðhvort bæði beint eftir H eða I eftir H og svo J eftir I. Sameiginlegir leshættir í þessum handritum renna stöðum undir þessi tengsl en þó ekki jafneindregið og ef til vill hefði mátt búast við. Það sem ekki var fyrirsjáanlegt er að handritið F hefur einnig sameiginlega leshætti með þessum handritum og virðist sennilegt að H sé skrifað eftir F. Lítum nú nánar á nokkur helstu lesbrigðin sem varða þessi tengsl. Til einföldunar hef ég samræmt stafsetningu þar sem það veldur engum ruglingi.



## 2.9.2 Tengsl F, H, I og J

### 3.6

ABCD: þot

E: þott

F: þo t<sup>i</sup>

H: þo

IJ: þo/þö

Hér verður til sérkennilegur lesháttur í F en ritari H hefur leiðrétt hann með því að sleppa hinu dularfulla t<sup>i</sup>. Leiðréttingin gengur síðan áfram í I og J.

### 7.3

Í ABCDEG er orðmyndin „ófarar“ en í FHIJ er orðmyndin „ófarir“.

Hér hefur komið upp nýr lesháttur í F sem er afritaður í H og þaðan í I og J.

### 7.6

Í ABCDE stendur „myndi Atli“ en í FHIJ stendur „Atli myndi“.

Aftur hefur komið upp nýr lesháttur í F sem er afritaður í H og þaðan í I og J.

### 8.7

Í öllum handritum nema H stendur „farattu“, í H stendur „fara atto“.

Hér þarf að skýra hvers vegna villan í H gengur ekki aftur í I og J. Annaðhvort hafa þá I og J ekki verið rituð eftir H einu saman eða Jakob Sigurðsson hefur áttað sig á því af hyggjuviti sínu að „fara atto“ hlyti að vera villa fyrir „farattu“. Það fyrra er ef til vill sennilegra því að til að átta sig á þessari villu og leiðrétta hana þarf bæði glögga þekkingu á formálinu og heppni í ágiskunum.

### 10.5

Í öllum handritum stendur „snotr“ nema að í F stendur „snotrt“.

Þessi villa er svo augljós og auðleiðrétt að hún er lítil röksemd gegn því að H sé skrifað eftir F.

## 12.7

Öll handrit nema IJ: siþz

I: Siþaz

J: Siþan

Þessi lesbrigði benda til að Jakob Sigurðsson hafi viljað leiðrétt orð sem hann þekkti ekki eða kunni illa við. Lesbrigðin gætu bent til að J sé ritað eftir I frekar en H en ekki er þetta sterk röksemd fyrir því.

## 13.7–8

ABCDEFG: „né sér við brá / sáran dauða“

HIJ: nesar við Brazaran Daþa, en leiðrétt úti á spássíu í J í „Né sér við brá / sáran daþa“, sennilega með annarri hendi

Aftur er ljóst að HIJ eru náskyld. Sá sem leiðrétti J seinna hefur sennilega haft annað handrit til hliðsjónar en þó væri sjálfsagt hægt að giska á hið rétt út frá hinu afbakaða.

## 14.7

or mōrr systir, ABCDE

or mēr systir, F

or mēr syzr, H

Ormer Syzr, I

or mēr systir, J

Í formáli eru bæði til myndirnar mōrr og mærr. Gunnar hefur haft hina fyrri í huga en hin seinni verður ofan á í F og afkomendum þess. Afbökunin syzr úr systir gengur aftur í I úr H en er leiðrétt í J.

## 16.5

ACDEGI: lyngbakr

FHJ: langbakr

Hér hefur lesbrigði úr F verið tekið upp í H og þaðan upp í J en ekki í I. Þetta gæti aftur bent til að I sé ekki ritað eftir H einu heldur einnig með hliðsjón af öðru handriti.

## 16.6

ACDE: lifr or

HIJ:lifror

Hér kemur villa upp í H sem gengur aftur í I og J. Athyglisvert er að Rask reynir að leiðrétta villuna en hittir ekki í lið og breytir í „lifrar“.

### 2.9.3 Fjöldi lína í vísu


Í hefðbundnu fornyrðislagi eru 8 vísuorð í hverri vísu en í gömlum kvæðum undir þeim bragarhætti koma af og til fyrir styttri og lengri vísur. Í Gunnarsslag eins og hann birtist í elstu handritum eru allar vísurnar 8 línur nema 20. vísa, sem er 10 línur, og 17. vísa, sem er 12 línur. Það kemur því ekki á óvart að sett hafi verið erindaskil í H þegar 8 línur voru búnar af 17. vísu. Þá varð hins vegar til vísa sem aðeins var fjögur vísuorð og það reyndist heldur ekki stöðugt ástand. Í J var þessi vísa fyllt með fjórum nýjum vísuorðum. Eftir þetta skref var hin upphaflega 12 lína vísa orðin að tveimur reglulegum 8 lína vísu og óreglan úr sögunni.

Ég tel engar líkur til að þær fjórar línur sem J hefur umfram önnur handrit séu eftir Gunnar Pálsson. Mér virðast þær enda fremur klaufalegar og ekki til bóta. Sjálfsagt eru þær eftir ritara handritsins, Jakob Sigurðsson. Athyglisvert er að fræðimenn hafi talið orðin „sárneyddrar“ og „umsýslan“ ung og þar með vísbendingu um að kvæðið í

heild sé ungt. Þetta er ágætt dæmi um það hversu fallvölt innri rök fyrir aldri kvæða geta verið.

### 2.9.4 Ættartré handrita

Hér fylgir uppdráttur af líklegum tengslum þeirra handrita og útgáfna sem tekin voru lesbrigði úr. Engin önnur handrit eru tekin til greina þótt augljóst sé að gera verði ráð fyrir þeim. Sér í lagi er augljóst að C, D, E og F eru ekki skrifuð eftir A einu því að þau hafa 17. vísuna fram yfir. Ég hef sleppt G af myndinni þar sem ég get ekki tengt það við neitt hinna handritanna. Í F eru engar af athugasemdum Eyjólfss svo að vel má vera að F sé ekki runnið frá A heldur öðru frumriti.



Á myndinni má sjá þrjá milliliði frá frumriti að Kaupmannahafnarútgáfunni. Við vitum reyndar af a.m.k. einum milliliði í viðbót því að útgefendurnir höfðu ekki J heldur uppskrift af því. Það kemur því ekki á óvart að ýmsar breytingar og afbakanir hafi orðið á leiðinni að útgáfunni.

## 2.9.5 Niðurstöður

Í lok þessa textafræðikafla er rétt að spyrja hvort líkur séu á því að einhver lesbrigði í handritum öðrum en A séu vitni um endurbætta gerð kvæðisins eftir höfundinn. Að athuguðu máli hygg ég ekki að svo sé í neinu tilfelli nema 17. vísunni. Hún er tekin upp í öll handrit sem ég hef séð, einnig þegar ritarnir leggja sig greinilega eftir að fá sem upphaflegastan texta. Í G er auk þess beinlínis fullyrt að hún sé skrifuð eftir eiginhandriti höfundar. Ég hygg því að rétt sé að taka þessa vísu upp í útgáfur kvæðisins. Þegar kemur að öðrum vísunum kvæðisins nægir að byggja á texta A.

## 2.10 Gunnar og Ossían

Þann annan ágúst árið 1745, sem gæti vel verið dagurinn þegar Gunnar Pálsson lauk við Gunnarsslag, kom Karl Játvarður Stúart til Skotlands og gerði tilkall til konungdæmis yfir Skotlandi, Englandi og Írlandi. Þannig hófst stríð sem endaði árið eftir með fullum ósigri Stúartanna og skosku klananna sem höfðu stutt þá. Eitt þeirra klana sem þurftu að þola niðurlægingu var Macpherson-klanið. Drengur nokkur af þessari ætt, James Macpherson, átti seinna eftir að birta tregafull hetjuljóð um brostnar vonir og töpuð stríð. Ljóð þessi sagði hann vera þýðingar úr gelískum ljóðum eftir fornskáldið Ossían. Strax komu þó fram efasemdarmenn sem töldu að Macpherson hefði að mestu eða öllu leyti ort kvæðin sjálfur.

Ossíankvæðin urðu strax gríðarlega vinsæl í Evrópu og voru þýdd á fjöldamörg tungumál. Í Bretlandi geisaði hatrömm deila um eðli þeirra. Gagnrýnendur sóttu að Macpherson og töldu hann loddara en aðrir komu honum til varnar. Nú er vitað að Macpherson hafði vissulega safnað gelískum kvæðum en að hann fór mjög frjállega með heimildir sínar og hlýtur að teljast höfundur fremur en þýðandi Ossíanskvæðanna.<sup>7</sup> Oft eru kvæðin kölluð óekta eða falsanir en verjendur Macphersons segja að hann hafi verið hluti af lifandi sagnahefð sem honum hafi verið heimilt að nota og endurskapa eftir eigin höfði (Stafford 1996:xv).

---

<sup>7</sup> Oft er talað um kvæðabálkinn sem eina heild, Ossíanskviðu. Það verður einnig gert hér þótt það sé ekki fyllilega nákvæmt.

Samanburður á Gunnarsslag og Ossíanskviðu hlýtur að vera freistandi. Bæði eru kvæðin tregafull hetjuljóð ort um miðja átjándu öld og lögð í munn fornum hetjum. Bæði voru þýdd á mörg Evrópumál og um bæði geisaði deila um hvort þau væru „ekta“. Bæði áttu að fylla upp í eins konar eyður í menningarsögunni.

Fljótlega sést þó að fleira er ólíkt með kvæðunum en líkt. Gunnarsslagur var eyða að því leyti að hann var glatað kvæði sem fræðimenn töldu sig vita að hefði verið til. Ossíanskviða átti að fylla miklu stærri eyðu og verða einhvers konar epískt hetjukvæði Skotlands í líkingu við Hómerskviður í Grikklandi. Munurinn á yfirborðinu er augljós; Ossíanskviða er viðamikil verk í einu eða tveimur bindum en Gunnarsslagur er aðeins 22 erindi. Ossíanskviða varð mjög áhrifamikil sjálfstætt verk í evrópskri bókmenntasögu en Gunnarsslagur birtist aðeins sem hluti af eddukvæðasöfnum og getur varla talist áhrifamikill.

Viðhorf höfunda kvæðanna voru einnig mismunandi. Gunnar Pálsson gekkst frá upphafi við Gunnarsslag og honum verður ekki um það kennt að ruglingur skyldi koma upp um uppruna kvæðisins. Macpherson hélt því hins vegar fram til dauðadags að hann væri aðeins þýðandi Ossíanskviðu en hefði ekki samið hana. Einn munur á kvæðunum er enda sá að þeir sem töldu Ossíanskviðu vera „ekta“ héldu að hún væri þýðing á fornu kvæði en þeir sem töldu Gunnarsslag vera „ekta“ héldu að hann væri fornt kvæði.

Bitastæðasti samanburðurinn liggur líka kannski í því að öllum bar saman um að Gunnarsslagur væri vel heppnuð stæling á fornum hetjukvæðum. Gagnrýnendur Ossíanskviðu töldu hins vegar að hún væri einmitt mjög ólík gömlum skoskum þjóðkvæðum og mörgum fannst þeim lítið til um verkið. Snilld Macphersons fólst í að taka hið gamla og búa til úr því eitthvað nýtt sem bæði féll að og tók þátt í að móta fegurðarskyn samtímans. Snilld Gunnars Pálssonar fólst í að líkja eftir hinu gamla á næstum því óaðfínanlegan hátt.

## 2.11 Ekta kvæði og óekta

Í umræðunni á 19. öld um aldur Gunnarsslags orðuðu fræðimenn spurningu þannig að málið snerist um hvort kvæðið væri „ekta“ eða ekki. Auðvitað má túlka þetta svo að annaðhvort hafi kvæðið raunverulega verið fornt kvæði eða ekki og þá ekta eða ekki ekta eftir því. Hins vegar er freistandi að tengja þetta orð inn í almennari umræðu um hið upprunalega og ósvikna.

Í grein sinni „Scandals of the Ballad“ tekur Susan Stewart til umræðu skilgreiningu *The Concise Cambridge History of English Literature* á „ósviknu þjóðkvæði (the genuine ballad)“. Meðal þess sem slíkt kvæði þarf að uppfylla er að vera „frásagnarkvæði án nokkurs sem bendir til að það hafi einstakling að höfundi“ og að „það hafi gengið í gegnum munnlega geymd meðal einfalds fólks sem var nokkuð einsleitt í lífi, siðum og viðhorfum og fyrir neðan það stig sem meðvituð bókmenntaleg list birtist á“. Stewart sýnir síðan fram á gallana í þessari fremur einstrengingslegu skilgreiningu og ræðir hana í samhengi við „fölsuð“ þjóðkvæði á 18. öld. Á svipaðan hátt má spyrja hvort eddukvæðin séu ekta þjóðkvæði í einhverjum skilningi sem Gunnarsslagur er ekki.

Ýmsar skoðanir hafa menn haft á eðli og uppruna eddukvæðanna. Í árdaga evrópskrar fræðimennsku um norrænar bókmenntir voru þau oft talin ævafor, jafnvel frá þeim tíma þegar forfeður Norðurlandabúa komu fyrst til Norður-Evrópu (sjá t.d. Cottle 1797:xxii). Í edduútgáfu Munchs eru þau kölluð „Levninger af Folkets Urpoesi“ (1847:iii) og talin frá því fyrir daga Haralds hárfagra. Á seinni hluta 19. aldar gætti aukinnar tilhneigingar til að færa eddukvæðin nær okkur í tíma og samhliða því var í auknum mæli litið á þau sem höfundaverk upprunnin á tilteknum stað og tíma. Þannig taldi Finnur Jónsson flest kvæðin vera frá 10. og 11. öld og fann flestum þeirra nokkuð nákvæman stað í tíma og rúmi.

Á 20. öld urðu þeir sem stunda eddufræði fyrir áhrifum af rannsóknum Alberts B. Lords á munnlegri geymd sagnakvæða á Balkanskaga. Þá tóku menn að sjá fyrir sér síbreytileg kvæði sem þróuðust í munni kvæðamanna. Kvæðamennirnir gátu gripið til fastmótaðra orðasambanda og flutt vísur milli kvæða þannig að kvæðin breyttust við

sérhvern flutning. Þar sem þessi kenning gengur lengst hættu menn að sjá fyrir sér upphaflega gerð eða höfunda einstakra kvæða heldur aðeins eina samfellda kvæðahefð þar sem ný kvæði verða stöðugt til úr gömlum. Þarna erum við komin nálægt þjóðkvæðaskilgreiningunni í upphafi þessa kafla. Ljóst er að ef eddukvæðin eru til orðin á þennan hátt þá eru þau býsna ólík Gunnarsslag. Undanfarna áratugi hefur hins vegar komið betur í ljós að kenning Lords um munnlega hefð er ekki algild og raunar hefur aldrei verið sátt um að hún eigi sérstaklega vel við eddukvæðin. Að minnsta kosti hin yngri þeirra virðast vel geta verið verk einstakra höfunda sem lítið hafa breyst í munnlegri geymd. Sum kunna jafnvel að hafa verið ort beint á skinnið. Þannig töldu Delmar Olof Zetterholm og Ursula Dronke (1969:112) að Atlamál væru sett saman í skrifstofu fræðimanns á 12. öld.

Ef við samþykkjum þessa kenningu um tilurð Atlamála má spyrja hvort einhver grundvallarmunur sé á 12. aldar fræðimanni sem viðaði að sér fornu efni um Gjúkunga og Niflunga og orti nýtt kvæði og svo hins vegar 18. aldar fræðimanni sem gerði það sama. Einhver gæti sagt að í Gunnarsslag sé málið viljandi fyrnt og þar sé því tilgerð á ferð sem ekki er í Atlamálum. Við þessu mætti segja að íslensk kveðskaparhefð, allt frá uppruna hennar í germönskum bragarhefðum og að minnsta kosti fram á 19. öld, þar alltaf með sér sitt eigið skáldamál og fól iðulega í sér að notuð væru fornyrði og málfyrningar. Gunnar Pálsson var leiknari en flestir í að bregða fyrir sig fornu máli en í grundvallaratriðum var hann ekki að gera neitt óvenjulegt.

Þegar allt að ofan er haft í huga eru „ekta“ og „óekta“ sennilega ekki heppileg orð til að lýsa íslenskum kveðskap enda hefur aldrei verið djúp gjá í honum milli alþýðlegrar og lærðrar hefðar.



## 3. Valagaldur Kráku

### 3.1 Handrit Valagaldurs Kráku

Ég hef fundið Valagaldur Kráku í þremur handritum, öllum á Landsbókasafni Íslands. Ekkert handritanna greinir frá höfundi þess eða aldri.

#### Lbs. 1689, 4to

Handrit sem talið er vera með hendi Sæmundar Hólms (1749–1821), sennilega frá lokum 18. aldar. Því miður eru fremstu blöðin glötuð og þar hafa ef til vill farið forgörðum upplýsingar um ritunarstað, tíma og forrit. Handritið inniheldur eddukvæði Konungsbókar en auk þess önnur forn kvæði; Baldurs drauma, Gróttasöng, Grógaldur, Fjölsvinnsmál, Hyndluljóð hin eldri, Sonatorrek, Merlínusspá, Krákumál og Trémannsvísur. Nokkru yngri eru Hrafnagaldur Óðins, Gullkársljóð og Hyndluljóð hin yngri. Valagaldur Kráku rekur lestina og er áreiðanlega langyngsta kvæðið í bókinni. Öll eru kvæðin undir hendingalausum fornum bragarháttum, um það bil þeim sem venjulega eru kallaðir edduhættir. Að vísu er nokkuð af hendingum í Krákumálum en ekki reglulega og kvæðið er yfirleitt auðskilið og hefur einfalda orðaröð. Það er því ekki fráleitt að skipa því í flokk með eddukvæðum.

#### Lbs. 636, 4to

Handrit sem talið er vera með hendi Snorra á Húsafelli (1710–1803). Í handritaskrá Landsbókasafnsins er það talið skrifað að mestu um 1750–1760 (Páll Eggert Ólason 1923:291). Því miður er það undir sömu sök selt og Lbs. 1689, 4to að fremstu blöðin eru glötuð og uppruni þess er því óvissari en ella. Handritið inniheldur nokkur eddukvæði en auk þess forn kvæði af ýmsu tagi og fróðleik um skáldamál í lausu máli. Valagaldur Kráku kemur á eftir Hyndluljóðum yngri, eins og í Lbs. 1689, 4to. Á eftir Valagaldri er Njörva jötuns kviða.

## ÍBR. 36, 4to

Á titilsíðu þessa handrits stendur:

Qvidur Fornar úr svokalladri Sæmundar Eddu : Safn Sæmundar á ad enda á  
Sólar Liódum : Koma þó fleiri fornqvidur inn sem eg veit ei hvort hans safni  
tilheira, enn set á spátziunni þær eg veit : Ritadar anno MDCCCXXIX af  
Einari fra Starrastöþum

Einar þessi mun vera Einar Bjarnason (1782–1856), fræðimaður og skáld (Páll Eggert Ólason 1935:213; 1948:340). Í þessu safni er Valagaldur nefndur Krákumál og kemur á eftir Hyndluljóðum fornu. Það kvæði sem venjulega er nefnt Krákumál er hér kallað Ragnarskviða. Þessar breytingar eru ekki órökréttar því að Kráka tekur til máls í Valagaldri og Ragnar í Krákumálum.

Valagaldur er hér ekki með hinni einkennilegu stafsetningu sem það hefur í hinum tveimur handritunum. Hins vegar hefur Einar skrifað athyglisverðan inngang að því og skýringar neðanmáls. Í inngangnum rekur Einar þá atburði Ragnar sögu sem Valagaldur er ortur út af. Hann virðist ósáttur við sannfræðina í þessari sögu og nefnir neðanmáls að „A þessu eina qvædi er bygd sú frásögn ad Kráka edr Aslaug hafi verid dóttir Sigurdar og Brinhildar“. Síðan setur hann fram krónológísk rök fyrir því hvers vegna þetta geti ekki verið rétt og lítur greinilega svo á að persónur hetjukvæðanna séu sögulegar. Í síðustu neðanmálsathugasemd sinni telur Einar kviðuna „mikid nýlegri þeim undanfögnu“. Fyrri athugasemd hans liggur þó beinast við að skilja þannig að hann hafi talið kvæðið eldra en Ragnars sögu. Einar leggur sig talsvert fram um að fá vit í kvæðið en hittir ekki alltaf í lið. Skýringa hans er sums staðar getið í útgáfunni hér fyrir aftan.

Erfitt er að fullyrða um samband handritanna. Tvö eldri handritin, Lbs. 636, 4to og Lbs. 1689, 4to, eru samhljóða, næstum staf fyrir staf. Yngsta handritið hefur hins vegar allt aðra stafsetningu og nokkuð af efnislegum orðamun. Frábrugðnir leshættir í ÍBR. 36, 4to líta hins vegar flestir þannig út að þeir séu tilraunir til að fá vit í torskilda staði í texta líkum þeim sem eldri handritin hafa. Ekkert er því til fyrirstöðu að bæði

yngri handritin séu rituð eftir því elsta en ekki er fyrir hendi nein haldbær sönnun á því.

Af efnisvali handritanna þriggja má sjá að ritararnir hafa tekið Valagaldur upp í þau vegna þess að þeir hafa talið hann eiga vel heima með eddukvæðum og öðrum gömlum kvæðum undir edduháttum.

### **3.2 Valagaldur Kráku – texti og skýringar**

Hér er Lbs. 636, 4to (A), elsta handritið, lagt til grundvallar og prentaður orðamunur úr systurhandriti þess, Lbs. 1689, 4to (B). Í mörgum tilfellum tek ég orðamun jafnvel þegar aðeins er um stafsetningarleg atriði að ræða enda má ætla að hin einkennilega stafsetning sé hluti af höfundarverkinu. ÍBR. 36, 4to (C) er með svo frábrugðinni stafsetningu að heppilegast er að prenta þann texta sérstaklega til hliðar við hinn.

1. Fluco valir.	Flugo valir
es filþo cine	er fylgðo kyni
Eygloo deasna	eygló djasna
ętar lileo,	ęttar liljo
sat at gylþi,	sat at gildi
Sigrdar BUR,	Sigurdar burr
Aistains Ragnar	Eysteins Ragnar
upsala Grams.	Uppsala grams.

1.1 Fluco] Flugo, B

1.8 upsala] uppsala, B

Sigurður Fáfnisbani, faðir Áslaugar, kunnir fuglamál. Til þess er sennilega vísað hér þegar sagt er að fuglarnir fylgi kyni hennar (sjá nánar kafla 3.4). Eygló er sólarheiti, hér notað í kvenkenningu eins og gyðjuheiti. Þetta er fremur ódæmigert en í góðu samræmi við fimmtu vísu þar sem Áslaug er kölluð Sunna Danfoldar. Í Brávallarímum Árna Böðvarssonar er að finna kvenkenningarnar djásna þilja (I. 39), djásna Freyja (II. 42) og djásna Gná (III. 44) en annars virðist orðið ekki algengt í

kenningum og kemur ekki fyrir í kvenkenningum að fornu (Finnur Jónsson 1926:59; orðið er ekki í *Lexicon poeticum*). Höfundur er þegar umhugað um að lofa Áslaugu sem mest og að leggja áherslu á ætterni hennar eins og ráða má af því að hún er kölluð ættar lilja. Gramur er fyrsta konungsheiti kvæðisins af mörgum. Seinna í kvæðinu koma fyrir landreki, Skjöldungur, jöfur, tigggi, öðlingur, mæringur, kóngur, döglingur, alvaldur og kenningin Yngva arfþegi.

Seinni helminginn má taka saman svo: *Sat Ragnar, Sigurðar bur, að gildi Eysteins, Uppsala grams*. Ragnar Loðbrók var sonur Sigurðar Hrings. Eysteinn var konungur í Svíþjóð. Sagan í kvæðinu hefst þar sem Ragnar er í veislu hjá Eysteini og valirnir fljúga þangað.

2. Þanig fluco,	Þannug flugo
þraitu venci,	þreitto vengi
sáto á buzom	sáto á bustum
Salakína.	salakynna
þars landrecar,	þars landrecar
laiþþo at gra/nom,	leiddo at graunum,
mæran dric meþar.	mæran drycc mjaðar.

2.1 fluco] flugo, B

2.2 venci] vengi, B

2.6 laiþþo] laiddo, B

Orðið *salakynni* kemur fyrir í Vafþrúðnismálum en er annars ekki algengt og vísast hefur höfundur haft það þaðan.

Seinni helmingur vísunnar er undir ljóðahætti, ef til vill aðeins vegna þess að höfundur hefur viljað koma að orðasambandinu *mæran drykk mjaðar* úr Lokasennu.

3. Tígjar raifir	Tyggjar reifir
oc teitir varo,	oc teitir varo
lec at als oppom	lec at alz oddom
inđrot Ia/fra	Inndrött jaufra

hairþo ha/car	heyrðo haucar
hoert orð męlto	hvert orð męlto
Ingva arfþegi	yngva arfi
oc Sciolþuncr.	oc Sciauldúngr.

3.3 als oppom] allsoddom, B

3.4 Ia/fra] jofra, B

Hérna ber *ok* ljóðstaf í áttundu línu og hefði það varla staðist að fornu en slíkt kemur oft fyrir í ungum kvæðum undir fornyrðislagi. Hvaða konung sem er mætti kalla Yngva arfþega eða Skjöldung en hér hefur skáldið væntanlega hugsað sér að Eysteinn væri Yngva arfþegi því að Yngvi-Freyr var konungur í Svíþjóð og að Ragnar væri Skjöldungur því að Skjöldur var konungur í Danmörku. Allt er þetta í samræmi við Snorra-Eddu og er einnig túlkun Einars Bjarnasonar í neðanmálsathugasemd í C. Hér kemur í fyrsta skipti fyrir orðamunur sem ekki er aðeins stafsetningarlegs eðlis, *arfi* og *arfþegi* í sjöundu línu.

4. Þaþan vęnc vaifas	Þadann Vęngveifar
vilþo svaima.	vildo sveima
drotning fundo.	Drotningo fundo
Dana i sęnco	Dana í sęngo
þars af vęrom	þars af vęrom
va/cto droci	vaucto draumi
gilva qvan	Gylfa qvan,
oc golo sva	oc gólo sva.

4.5 vęrom] verom, B

4.6 va/cto] va/cþo, B

Erfitt er að skýra *vaifas* í fyrstu línu en það er greinilegt bæði í A og B. Eina lausnin sem mér kemur í hug er að merkingin sé *veifar* eins og C hefur. Ef til vill er þetta þá einhvers konar misheppnuð málfyrning. Höfundur hefur þekkt að í fornu máli er sums staðar s þar sem seinna er r, til dæmis verður *es* að *er* og *vas* að *var* en í Valagaldri koma einmitt fyrir fornu orðmyndirnar *es* og *þars*. Ef til vill hefur höfundur skipt út r

fyrir s á stað sem það átti ekki við. Vængveifar hljóta að vera fuglarnir og þannig er orðið túlkað í C.

Samkvæmt Laufás-Eddu er drókur svefnheiti (*Edda Magnúsar Ólafssonar* 1979:297) en ekki hef ég fundið orðið í þeirri merkingu annars staðar. Í C er hérna algengt orð sem gefur góða merkingu, *draumi*. Hér bendir *lectio difficilior potior* viðmiðið til að *dróki* sé upphaflega orðmyndin. Raunar leggst hér allt á eitt því að hér eru tvö handrit gegn einu og þau eru eldri en það þriðja. Skrifari C eða forrits þess hefur losað sig við orð sem hann kannaðist ekki við.

Gylfi er enn eitt konungsheitið. Valirnir eru nú komnir til Áslaugar og vekja hana til að segja henni tíðindi.

Kræca:g.

5. Vaci þu drotning	Vaci þú Drottning
dirbornaza	dýrbornasta
ifraþols sala	Ifrauðols sala
unþ þrepscioldom.	und þrepscialdom
Volsuca Iof,	Volsúngajóð
Volsunca blóm	Volsúnga blóm
SUNA Danfolþar	sunna Danfoldar
Sigrþi borin	Sigurði borinn

5.1 drotning] drotning, B

5.2 dirbornaza] dyrbornasta, B

5.6 Volsunca] Volsunga, B

Ifröðull er sólarheiti, höfundur grípur aftur til sólarinnar þegar kemur að því að lýsa Áslaugu og segir nú að hún sé dýrbornasta drottning undir himinskautum og sól Danmerkur. Faðernið er heldur ekki gleymt, Áslaug er *Völsunga blóm* svipað og *ættar lilja* í fyrstu vísu.

Kræca:g.

6. hvi kemr hábroc	Kræca qvað Hví kemr Hábroc
--------------------	-------------------------------

hvítr at beði	hvítr at beði
oc Salgopner.	oc Salgopner
Sára valcazar.	Sárri Valcasta
nu er miþ neola.	nú er mið Njóla
nu er í breosta,	nú er í breosta
dølom borgi	daulom borgi
of dra/mniorun.	oc draumniórunn.

#### 6.8 dra/mniorun] dra/m neórun, B

Þar sem stendur „Kraca:g.“ í A og B á eflaust að lesa „Kráka gól“ enda er seinna orðið skrifað út á undan síðustu vísunni í B. Höfundur hefur séð fyrir séð að Kráka hafi samskipti við fálkana með einhverjum sérstökum hætti.

Hábrók er hauksheiti en Salgópnrir er fuglsheiti (hanaheiti), hér notað í kenningu um hauk, fugl hinna sáru í valkestinum. Að fornu eru það aðeins ernir og hrafnar sem kenndir voru til vals en hérna er fálkinn einnig álitinn valfugl. Borgi er svefnheiti samkvæmt Laufás-Eddu (*Edda Magnúsar Ólafssonar* 1979:297). Draum-Njórun er næturheiti sem kemur fyrir í Alvíssmálum, Nafnaþulum og Laufás-Eddu. Kráka ávarpar fuglana og spyr hvers vegna þeir komi til sín að nóttu.

7. Ver manom fręþa	Vér manom Fręða
volo deasna	Vaulo díasna
fír en cemr	fyrir en kémr
fiorginar bur.	Fiaurgynarburr
hovom latið	haufom látit
hvelpa Elris	Hvelpa Elris
viþa of haim	víða of heim
und vęng stanþa.	und vęng standa

#### 7.5 latið] latiþ, B

#### 7.8 stanþa] standa, B

Aftur er Áslaug kennd til djásna og nú kölluð vólva þeirra. Fjörgyn er jarðarheiti og sonur jarðar er hérna Dagur. Þessi kenning er í samræmi við Laufás-Eddu og Uppsala-Eddu (sjá nánar Hauk Þorgeirsson 2008).

Í Laufás-Eddu segir, „hundur Elris jótuns hiet Stormur“ (*Edda Magnúsar Ólafssonar* 1979:308). Valirnir hafa flogið langa leið og hyggjast segja Áslaugu tíðindi áður en dagur rennur.

8. Sitr Ragnar.	Sitr Ragnarr
at Sviagrams	at Svía grams
aþlingr Iotra	Auðlingr Iótra
i facnaði	í fagnaði
rerir munþo	réttir mundo,
mót hrimcalci	mót Hrimcalci
taigar hornþrega	teigar horna trega
Tir hra/zazr	Tyrhraustastr.

8.5 munþo] mundo, B

Orðmyndin Iotra er óvænt en varla getur verið átt við annað en að Ragnar sé konungur Jóta, þ.e.a.s. Dana. Í Nafnaþulum er tregi fjarðarheiti, hér er það notað sem vökvaheiti í kenningu um áfengan drykk.

9. Iol oc afa	Iól oc Afo
Ia/fri borin	Iaufri borinn
Svolþr Sqrfa	Svoldr Saurva
i Sviþioþo	í Svíðióðo
fęrir Ragnari	fęrir Ragnari
fagr buin	fagrbúinn
vel liz a męr	lýtst vel á męr
lofþunci Dana.	lofdúngi Dana.

9.7 liz] litz, B

9.8 lofþunci] lofþungi, B



Svoldur er eyjarheiti, sörvi er hálsmen, Svoldur sörva er kvenkenning. Nokkuð er óljóst hvað á að gera við fyrstu línuna hér. Ef reyna skal að taka saman gæti það verið svona: *Fagurbúin, jöfri borin Svoldur sörva í Svíþjóðu færir Ragnari og afa jól.*

Konan í vísunni er greinilega Ingibjörg Eysteinsdóttir og væntanlega er hér sagt að hún gangi um beina eins og stendur í sögunni. Ef til vill er „afi“ notað í víðri merkingu um föður Ingibjargar og „jól“ notað um drykkjarföng, sbr. orðasambandið „drekka jól“.

10. Aistairn higr	Eysteinn hyggr
uppsala varþr	Uppsalavaurðr
gOT ti maghis	gott til mágis
gunvaivs hara.	gunnreifs harra
truir męrinor	trúir męringr
mani borna	mani borna
Ragnar sina	Ragnarr sína
reopa beþeo	rióða beðio

Mægi er sama og mægðir en „mágis“ gefur ekki merkingu og er vísast rangt. Hins vegar er freistandi að taka leshættina „gunnreifs“ og „męringr“ úr C því að þar virðast A og B ekki hafa merkingarbær orð. Eysteini lýst vel á að tengjast Ragnari fjölskylduböndum. Ragnar hallast á sömu sveif því að hann telur konu sína, Kráku, þrælborna.

11. Concr er vęltr	Konúngr er vęltr
í qvanfanci	í qvanfångi
ero doclinci	ero dauglíngi,
il raþ gefin	ill ráð gefinn
glaimt hevr Craco	gleymt hevir Kráco
gloþmars fecri	glóð mars fegri
alvalþs vinr	alvalds vinr
aiþrofi varc.	eidrofi varð.

Glóð mars er gullkenning. Að öðru leyti er þessi vísa auðskilin. Þó er rétt að athuga orðmyndina „varc“ sem á sennilega að vera málfyrning en höfundur gætir þess ekki

að þessi mynd er að fornu notuð í fyrstu persónu en ekki í þriðju persónu enda orðin til með viðskeytingu fyrstu-persónu-fornafnsins.

12. Toga mál earn	Toga máliárn
Trol or muni	Traull or munni
Ga/ta gram	Gauta gram
geafmilþaza,	giafmildasta
Stolm ser biþr	Storð sér biðr
stranþar ha/ca.	Strandar hauca
aistairn gefe	Eysteinn gèfi
a/R at qvan.	aurr at qvan.

Í Laufás-Eddu stendur, „Tunga h(eiter) sverð, máls, og muns“ (*Edda Magnúsar Ólafssonar* 1979:277) og máljárn hlýtur hér að vera tunga. Tröllslegur kraftur dregur úr Ragnari bónorðið. Strönd hauka er handarkenning og storð (land) handar er kona.

13. fezir Vanar elþs	Festir vanarelds
freyo Ragnar	freyo Ragnarr
þo scal sitea	þó scal sitia
þreu ár i fezom	þriú ár í festom.
þa/ hofom tíþinþi	þau haufom Tíðindi
talinn unþra	talinn undra
eiþo Bearnar	Eiðo Biarnar
alvalþs málo	alvalds mála.

13.1 fezir] Festir, B

13.3 sitea] sitia, B

13.4 þreu] iij, B; fezom] festom, B

13.6 tíþinþi] tíþindi, B

Von er árheiti, eldur árinna er gull og Freyja gulls er kona. Björn járn síða var sonur Áslaugar og Ragnars. Í C er hér langsótt skýring þar sem Bjarnareiða er talin vera jarðarkenning og mál alvalds gullkenning. Einar Bjarnason hefur ekki áttað sig á að hér væri kvenkynsorðið *mála* á ferð.

Kraca g.	Kráca qvað
14. Talin frá ec	Talinn frá ec,
tiþinda flocc	Tídinda flocc
hafit hailir	hafit heilir
ha/car of flogit	Haucar of flogit
munat la/fr	munat jaufurr
man þat spena.	man þat spenna
hremi dolga cin	hremmi dólgakyn
her alsviþar.	Her Alsviðar

Kráka kveður haukana og segir að Ragnar muni ekki fá Ingibjörgu. Merking síðustu tveggja vísuorðana er mér ekki alveg ljós. Alsviður heitir annar hestanna sem draga sólina og Nóttin persónugerð er komin af jötnum. Ef til vill á Kráka við að nú renni dagur og væri það ekki óviðeigandi endir á kvæðinu.

### 3.3 Höfundur Valagaldurs

Hin tvö eldri handrit Valagaldurs hafa skringilega stafsetningu sem væntanlega á að vera forn. Sérstökustu einkenni hennar er að ‚ai‘ er skrifað fyrir ‚ei‘ og að iðulega er skrifað ‚c‘ fyrir ‚g‘ í innstöðu. Einnig er ‚ea‘ iðulega skrifað fyrir ‚ja‘ og ‚eo‘ fyrir ‚jó‘. Önnur kvæði í sömu handritum hafa ekki þessi stafsetningareinkenni<sup>8</sup> svo að telja má að þau séu runnin frá eldra handriti og væntanlega höfundinum sjálfum.

Björn Karel Þórólfsson segir um skáldvinadrápur Árna Böðvarssonar og Sigurðar Jónssonar:

Stafsetning er mjög afkárleg, en mun eiga að vera forn. Þar sem hún er að miklu leyti eins í öllum handritunum, er sennilegt, að hún sé runnin frá skáldunum sjálfum. (BKÞ 1965:lxviii)

Og á öðrum stað segir hann:

<sup>8</sup> Nema Norra jötuns kviða, sbr. kafla 3.5

Haustlög Árna Böðvarssonar er í Lbs. 170, 8vo, handriti Páls stúdents Pálssonar, en ekki hefur mér tekizt að finna það handrit, sem hann hefur skrifað eftir. Stafsetning er sams konar á þessu kvæði og skáldvínardrúpum þeirra Árna og Sigurðar Jónssonar. (BKP 1965:lxxxii)

Handritið sem Björn gat ekki fundið er ef til vill Lbs. 848, 4to en þar er Haustlög Árna Böðvarssonar með sömu skringilegu stafsetningu og Valagaldur og athugasemd úti á spássíu um að þetta muni vera rithönd Árna Böðvarssonar. Hin einkennilega stafsetning leynir sér ekki. Strax í fyrsta erindi koma fyrir ritmyndirnar „flaigr“, „þeóþar“, „Uphaims“ og „mealþrs“ (Lbs. 848, 4to, 52r). Í öðru erindi er myndin „Quicom“ og í þriðja erindi „hrínca“. Líkindin með stafsetningu Valagaldurs eru svo ótvíræð að varla kemur annað til greina en að um tengsl sé að ræða. Einfaldast væri að álykta að annaðhvort Árni eða Sigurður hafi ort kvæðið. Hér fyrir neðan eru settar fram átta röksemdir til viðbótar fyrir því að Árni sé höfundur kvæðisins.

1. Elsta handrit sem ég get fundið með Valagaldri Kráku er í handritaskrá milli 1750 og 1760. Þetta kemur vel heim við að kvæðið sé eftir Árna Böðvarsson.
2. Árni var gríðarlega afkastamikið skáld. Fyrirfram kemur ekki á óvart að 18. aldar kvæði eftir óþekktan höfund reynist vera eftir Árna.
3. Vitað er að Árni orti Álfamál árið 1735 (Lbs. 1341, 8vo, 54r) en það er eddukvæðastæling undir fornyrðislagi. Ekkert er því til fyrirstöðu að hann hafi ort fleiri slík kvæði á svipuðum tíma.
4. Vitað er að Árni hafði sérstakt dálæti á Kráku og rakti ættir sínar til hennar. Í útgáfu sinni á Brávallarímum segir Björn Karel:

Ekki er venjulegt, að tveim sögum sé steipt saman í einn rímnaflökk, en það mun valda, að þessar sögur standa í nokkuru sambandi sín á milli.

Tengiliðurinn er Áslaug, dóttir Sigurðar Fáfnisbana og drottning Ragnars loðbrókar, en á henni hefur Árni Böðvarsson mestu mætur, enda á hann henni fyrir það að þakka, að rakið getur hann ætt sína til Völsunga. (BKP 1965:cxxxvi)

Í mansöngum getur Árni þess oft, að Völsungar séu vorir forfeður, og sérstaklega minnst hann þess, að sjálfur hann og Jón sýslumaður séu Völsunga kyns. Ættgöfgi þessa eiga þeir Áslaugu drottningu að þakka, enda er hún ótæpt lofuð í rímunum og meira sagt af fegurð hennar en sagan gefur efni til. (BKÞ 1965:cxlii)

5. Þess er sérstaklega getið í kvæðinu þótt það skipti ekki máli fyrir framvindu þess að Kráka hafi verið móðir Bjarnar járn síðu. Þetta kemur heim við ættfræðiahuga Árna, sbr. það sem Björn Karel segir um Völsungarímur:

Í síðustu rímu telur Árni, þegar söguefninu er lokið, ætt frá Birni járn síðu til afa síns í móðurætt, er Björn hét. (BKÞ 1965:cxlii)

6. Sjá má að einmitt sá hluti Ragnars sögu sem Valagaldur er kveðinn út af var Árna hugleikinn því að í Völsungarímum bætti hann þar við söguna frá eigin brjósti:

Þar sem sagt er frá kvennamálum Ragnars í Svíþjóð, þegar hann, þó að kvæntur sé, gerist heitbundinn dóttur Eysteins konungs að Uppsölum, kryddar skáldið í 26. og 27. rímu söguna með útúrdúr um Fama (kvenkenndan, persónugerving orðróms, gyðju hjá rómverskum rithöfundum) sem sízt vill þegja um tíðindi þau, er til ama mega verða. Fyrir bón Ragnars láta norræn goð sauma saman munn hennar með spotta, sem af gekk, þegar munnur Loka var saman rifaður. (BKÞ 1965:cxlii–cxliii)

7. Árni Böðvarsson var betur að sér í fornum fræðum og skáldskaparmáli en títt var um skáld á 18. öld. Hann orti einnig eddubornar en flestir. Ýmis orðalagslíkindi milli Valagaldurs og Brávallarímna eru í samræmi við þetta og verða hér tínd til nokkur dæmi.

Í Brávallarímum er orðið „jól“ notað um veislu (I. 53) en í Valagaldri (9) um veisluföng. Hvort tveggja mun byggjast á orðasambandinu „drekka jól“.

Í Brávallarímum (II. 12) er hræfugl kallaður „már valkastar“ en í Valagaldri er haukur kallaður „Salgópnir sárra valkastar“.

Bæði í Valagaldri (13) og Brávallarímum (II. 13) er orðið „mála“ notað um eiginkonu. Þetta er ekki algengt orð og Brávallarímur eru elsta dæmi um það í ritmálsskrá Orðabókar Háskólans.

Bæði í Valagaldri (13) og Brávallarímum (II. 19 og víðar) er orðið „eiða“ notað um móður. Þetta er ekki algengt orð og Brávallarímur eru elsta dæmi um það í ritmálsskrá Orðabókar Háskólans.

Bæði í Valagaldri (7) og Brávallarímum (IV. 28) er vindur kallaður hundur Elris. Um þetta segir Björn Karel:

En rímnaskáldið skýrir af kynlegum misskilningi þessa kenningu hér í rímunni þannig, að kenniorðið sé jötunsheiti, í nefnifalli elrir, sem hvergi þekkist, og vindur sé kenndur hundur jötuns. (BKÞ 1965:98)

Birni Karel hefur hér yfirsést sú setning Laufás-Eddu sem fyrr var vitnað til og er í samræmi við skýringu Árna. Vitað er að Árni Böðvarsson átti handrit af Laufás-Eddu (sjá Einar G. Pétursson 2007).

8. Árni Böðvarsson stundaði nokkuð að fyrna mál sitt. Hér er eitt dæmi úr skýringum Björns Karels:

*manu* 3. pers. flt. er forn hliðstæða sagnmyndarinnar munu. Rímnaskáldið hefur þekkt myndina manu úr handritum og notar hana til að fyrna mál sitt. (BKÞ 1965:90)

Í Brávallarímum er einnig að finna orðmyndina „manig“ fyrir „mun eg“. Í Valagaldri kemur fyrir myndin „manom“ en hún er af sama meiði og þessar tvær.

Árna tókst ekki alltaf jafnvel upp við málfyrningar. Enn vitna ég í skýringar Björns Karels:

*mætta* forn mynd fyrstu persónu viðtengingarháttar, hér ranglega höfð í þriðju persónu (BKÞ 1965:97)

Ég hygg að það sé svipuð villa í Valagaldri þegar sagnmyndin „varc“ er notað í þriðju persónu.

Mörg þessara raka væru lítils virði ein og sér en þegar þau koma saman hlýtur að teljast mjög líklegt að Árni Böðvarsson sé höfundur Valagaldurs. Ef hér er ekki um Árna sjálfan að ræða er líklegast að einhver honum kunnugur hafi ort kvæðið í stíl hans og ef til vill handa honum. Væri þá Sigurður Jónsson líklegastur. Það skal þó ítrekað að mér þykir langsennilegast að Valagaldur sé eftir Árna Böðvarsson.

### 3.4 Þróun sögunnar um Áslaugu

Í Völsunga sögu er heimferð Ragnars frá Svíþjóð lýst svo:

Enn þa er þeirri veizlu var lokit, byst Ragnar heim, ok ferst honum vel, ok er ecki sagt fra ferd hans, fyrr enn hann a skamt til borgarinnar, ok liggr leid hans um skog einn. **Þeir koma i eitt riodr, er var i skoginum.** Þa let Ragnar nema stadar lid sitt og kvadi ser hliods ok bidr þa menn alla, er i hans ferd hofdu verit til Svíþiodar, at engi skylldi segia hans fyrirætlan, er stofnut var um radahag vid dottur Eysteins konungs. Nu leggr hann sva rikt vid þetta, ef sa er nauckurr, er of þetta geti, at hann skal eingu fyrir tyna nema lifinu. Enn nu er hann hafdi talad slikt, er hann villde, for hann heim til þeiarins. (*Völsunga saga ok Ragnars saga loðbrókar* 1906–1908:133–134; leturbreyting mín)

Heima er Ragnari haldin veisla. Kráka þrásþyr hann tíðinda en hann lætur ekkert uppi. Á endanum segir hún honum að hún viti af trúlofuninni.

„Hverr sagdi þer þetta?“ segir Ragnar. „Hallda skulu menn þinir life ok limum, þviat enge sagde mer þinna manna,“ segir hun. „**Þer mundut sea, at fuglar III satu i trenu hia ydr.** Þeir saughdu mer þesse tidendi. Þess bid ek, at þu vitir eigi rada þessa, sem etlat er. Nu man ek segia þer, at ek em konungs dottir, enn eigi karls, ok fadir minn var sva agętr madr, at eigi fekst hans iafninghe, enn min modir var allra kvenna friduzt ok vitruzt, ok hennar nafn man uppe, medan verolldinn stendr.“ (sama rit, bls. 134; leturbreyting mín)

Hér held ég að geti varla verið vafi á að fuglarnir hafi setið í tré í rjóðrinu sem Ragnar ávarpaði lið sitt í. Til þess að setja þessa frásögn í rétt samhengi er rétt að líta á fleiri tilfelli í norrænum fornbókmenntum þar sem manneskjur skilja fuglamál. Nærtækast er að skoða Völsunga sögu

Ok er freyðde or, þa tok hann fingri sinum a ok skyniaþi, hvart steikt veri.  
Hann bra fingrinum i munn ser. Ok er hiartablod ormsins kom a tungu honum,  
þa skilde hann fuglara/dd. Hann heyrde, at igþur klaukuþu a hrisinu hia  
honum: „Þar sitr Sigurðr ok steikir Fafnnis hiarta. Þat skyllði hann sialfr eta.  
Þa munde hann verda hverium manne vitrare.“ (sama rit, bls. 46)

Síðan taka fleiri igður til máls, sex alls, og ræða sín á milli um hvað Sigurður ætti að gera. Í þessari frásögn verður ekki séð að igðurnar hafi hugsað sér að gera Sigurði greiða eða að þær viti einu sinni að hann skilur það sem þær segja þegar þær ræða mál hans sín á milli.

Sagan um Sigurð og igðurnar er líka í Fáfnismálum og með örlítið öðrum blæ. Þar eru igðurnar sjö og eftir að Sigurður fer að tillögu þeirra um að vega Regin má hugsa sér að þær átti sig á að hann skilur það sem þær segja því að þá ávarpa þær hann beint til að gefa honum ráð: Bitt þú, Sigurðr, / bauga rauða o.s.frv.

Í eddukvæðinu Rígsþulu er sagt frá fulltrúum fjögurra stétta manna; Þræli, Karli, Jarli og Koni ungum, og hvað hver þeirra lærir í uppeldi sínu. Eitt af því sem Konur ungar lærir er „klök fugla“ og það nýtist honum í kvæðinu þegar kráka nokkur gefur honum ráð.

Í Ynglinga sögu segir svo frá Degi konungi:

Hann var maðr svá spakr, at hann skilði fugls rødd. Hann átti spqr einn, er honum sagði mǫrg tíðendi. Flaug hann á ýmsi lönd. (*Heimskringla* I 1941:35)

Einnig er hér rétt að nefna Atli jarlsson úr Helgakviðu Hjörvarðssonar og Friðleif konung í Gesta Danorum, báðir verða fyrir því að vera ávarpaðir af fuglum. Að lokum er rétt að rifja upp hrafna Óðins.



Hann átti hrafna tvá, er hann hafði tamit við mál. Flugu þeir víða um lönd ok sögðu honum mörq tíðendi. (sama rit bls. 18–19)

Allir ofantaldir eiga það sameiginlegt að vera konungbornir, eða að minnsta kosti jarlbornir. Vísunin í Rígsþulu bendir einnig til að menn hafi talið það konunglegt einkenni að kunna fuglamál. Það hæfir því vel Áslaugu drottningu og gerir það ef til vill meira sannfærandi þegar hún afhjúpar ætterni sitt fyrir Ragnari.

Gera má greinarmun á tveimur gerðum fuglamálssagnanna. Óðinn og Dagur eiga fugla sem fljúga í leiðangra og segja þeim fréttir. Sigurður, Konur ungur, Atli og Friðleifur eru hins vegar ávarpaðir af fuglum upp úr þurru. Frásögnin af Áslaugu í Völsunga sögu virðist heldur falla í seinni flokkinn en þó hafa fuglarnir þrír markvisst gert sér ferð til að segja Áslaugu fréttir.

Lítum nú aftur á það sem Áslaug segir Ragnari í sögunni.

Þer mundut sea, at fuglar III satu i trenu hia ydr.

Þessi orð eru í ósamræmi við Valagaldur að tvennu leyti. Annars vegar eru fuglarnir þar tveir en ekki þrír og hins vegar fréttu þeir ekki af fyrirætlan Ragnars þegar hann ávarpar menn sína í rjóðrinu heldur sitja þeir „á bustum salakynna“ og heyra allt fyrstu hendi. Skýringin er að skáldið hefur stuðst við pappírshandrit af sögunni runnið frá afskrift séra Jóns Erlendssonar af skinnhandritinu. Í handriti Jóns eru aðrir leshættir á þessum stöðum og hljóðar málsgreinin að ofan svo, með samræmdri stafsetningu:

Þér munuð sjá at fuglar mínir sátu í turni hjá yðr. (*Fornaldar sögur nordrlanda* 1829:256)<sup>9</sup>

Þarna skýrist bæði að fuglarnir séu tveir í Valagaldri og að þeir hafi verið í höll Eysteins en ekki í tré í rjóðri. Athyglisvert er hvernig þessir leshættir breyta blæ

---

<sup>9</sup> Í hinni vísindalegu útgáfu Olsens er leshátta úr pappírshandritum ekki getið þar sem þau eru öll talin runnin frá skinnhandritinu sem útgáfan er gerð eftir. Hér var því stuðst við eldri útgáfu Rafns. Dæmið sýnir að þegar viðtökusaga er rannsökuð getur verið gagnlegt að hafa greiðan aðgang að lesbrigðum sem ekki eru upphafleg.

sögunnar. Nú fær lesandinn á tilfinninguna að fuglarnir hafi ekki verið viðstaddir af tilviljun heldur hafi Áslaug gagnert sent þá til að njósna um eiginmann sinn.

Athyglisverð eru hér til samanburðar orð Áslaugar við Ragnar í Völsungsrímum Árna Böðvarssonar. Við grípum niður í 27. rímu:

31. Saklaust þitt er folked frýtt,  
enn fálkar sógdu mýner,  
þetta nýtt og hvad sem hitt,  
heiter laungum fýner.

32. Sästu þá þier satu hiä,  
samt bid eg þu villder,  
hrynga gnä um huga slä,  
herrann Rausnar millde.

33. Hrynga Riöd og hollre þiöd,  
herma skal hid sanna,  
Eg er Iöd og ættar blöd  
ägiætustu manna. (JS. 11, fol. 71r; eiginhandarrit Árna)

Bæði í Valagaldri og í Völsungsrímum eru fuglar Áslaugar fálkar. Árni hefur þar gefið henni virðulegan ránfugl. Hann hefur greinilega séð fyrir sér að Áslaug notaði fuglana á svipaðan hátt og Óðinn, forfaðir hennar í beinan karllegg. Nafn kvæðisins, Valagaldur Kráku, er enda augljós hliðstæða við Hrafnagaldur Óðins.

Að gera Áslaugu að einhvers konar hliðstæðu Óðins er í góðu samræmi við tilhneingingu í íslenskum bókmenntum til að gera sífellt meira úr henni (sjá t.d. Ólafíu Einarsdóttur 1993 og Bjarna Guðnason 1969). Einhver gæti kallað þetta dæmi um samhengið í íslenskum bókmenntum.

### 3.5 Njörva jötuns kviða

Í handritunum Lbs. 636, 4to og ÍBR. 36, 4to er að finna kvæði sem titlað er Njörva eða Nora jötuns kviða. Kvæðið er 38 vísur undir fornyrðislagi. Stafsetning er með sama hætti og í Valagaldri og þegar við bætist að kvæðið er varðveitt í tveimur sömu handritanna hlýtur að vakna grunur um að höfundur sé sá sami.

Kvæðið fjallar um Njörva jötun, illvígan seiðskratta og mannætu. Hann á í útistöðum við Ála hinn frækna í Svíþjóð og hrökklast undan honum langt norður í land. Þar gerist hann eins konar hirðmaður Karlgrana, hrikalegs jötnakonungs, og gengur að eiga dóttur hans, Nípu. Njörvi og Nípa eignast dótturina Nótt. Eftir þriggja ára dvöl hjá Karlgrana vill Njörvi snúa aftur heim og siglir af stað en Miðgarðsormur gleypir hann í Njörvasundi.

Í Snorra-Eddu er sagt að Njörvi jötunn sé faðir Nætur, í Ynglinga sögu er sagt frá Ála hinum frækna og staðarheitið Njörvasund er fornt. Höfundur virðist hér hafa soðið saman sögu úr ýmsum fornum heimildum en bætt miklu við frá eigin brjósti. Nokkuð óvenjulegt er að jötunn sé gerður að aðalpersónu kvæðis og kvæðið hefur á sér gróteskan blæ.

Fyrsta vísan hljóðar svo, með samræmdri nútímastafsetningu:

Varat í túni  
talinn Hveðnu  
nokkur Norri  
fyrir en Naumdæla  
fylkir Surtur  
á fornöldum  
hundvís jötunn  
hertók beðju.

## 4. Lokaorð

Sá sem tekur sér á hendur að gefa út kvæði frá 18. öld verður þess fljótlega áskynja hversu stutt er hægt að komast með fast land undir fótum. Handrit frá þessum tíma eru ákaflega mörg og mjög misjafnlega vel skráð. Mjög lítið er til prentað, jafnvel eftir höfuðskáld tímabilsins, og fræðileg umfjöllun er af skörnum skammti. Handbækur koma að takmörkuðu gagni og ekki þarf að koma á óvart að rekast á orð sem hvergi er að finna í orðabókum. Sá sem þetta ritar var til dæmis ærið lengi að komast að því hvað *drókur* og *borgi* væru og taldi lengi líklegast að þetta væru afbakanir.

Þeir sem áhuga hafa á að vinna frekari rannsóknir af svipuðu tagi og hér birtast hafa af nógu af taka. Njörva jötuns kviða bíður útgáfu og virðist vera áhugavert viðfangsefni. Sama er að segja um Álfamál eftir Árna Böðvarsson. Best væri að gera ærlega tilraun til að finna þessi kvæði í frumriti. Í handritaskrám eru nefnd hátt á þriðja hundrað handrit með efni frá Árna Böðvarssyni svo að leitin getur verið mikið verk.

Nú þegar grunnvinnan hefur verið unnin um Gunnarsslag er gott færi til að fjalla um kvæðið á bókmenntalegum forsendum, til dæmis með nákvæmum lestri, samanburði við önnur kvæði Gunnars Pálssonar eða samanburði við hetjukvæði Sæmundar-Eddu. Eins þykir mér líklegt að einhver sem er betur heima í evrópskri hugmyndasögu gæti komist lengra með samanburð á Gunnarsslag og umdeildum „óekta“ kvæðum.


Eddukvæðahandrit seinni alda eru áhugavert rannsóknarefni og væri þarft verk að skrá þau ítarlega og gera grein fyrir tengslum þeirra eftir því sem hægt er. Athyglisvert væri að rannsaka hvernig ritarar handritanna völdu kvæði í þau og hvaða augum þeir litu þau.

Rétt er að Gunnar Pálsson eigi hér síðasta orðið með vísu sem ber vitni um viðhorf hans til hlutverks Íslendinga í veröldinni.

Hvar eru Svíar, hvar eru Danir,  
helgidómum fornum vanir?

Hefðu ei Íslands sungið svanir,  
síður spryttu þeirra granir. (Gunnar Sveinsson 2000:13)

# Viðauki – ljósmyndir af frumriti Gunnarsslags



7. Sagði Guginn forþom  
 a gam meipi  
 of þar ofarar  
 at mang dæpann. o. post, recte  
 sagði mer Brinildr  
 Búfla bóttir  
 þu myndi Atli  
 ofs um vela.  
 gat þez oc Glaumvör  
 er víþ gíftom þezi  
 gíngta sinni  
 i Gúlo einni  
 minni varo mals  
 megnir drammar  
 farattu Gunnarr  
 flar er þer nu Atli.  
 dauvr sa ec þinom  
 dregra rafinn  
 galga gorvann  
 Gucca syni  
 gungu ec þer dífur  
 germboþ gora  
 mans yccr bráþrom  
 buinn velrepi  
 Quak oc Coftbera  
 quen var Gon Haugna  
 tunar villt riftnar  
 oc rakna dramma.  
 enottr var giarta  
 i sullinga brósti  
 guerri mátti hrakaz. at knatti  
 farþann dauþa.  
 " Ofs Gafa normir  
 alor um lagit  
 aurfom Gucca  
 at ofins vild.  
 ma víþ orlogom  
 eungi sia (valvinn)  
 ne heillom gorfinn  
 Gugom treyfta (alþappi)  
 Sleir mic þat Atli  
 at þu gefur ei  
 gringa raska  
 sem Hreikmarr atti  
 einn veit ec þvar fe þat  
 folgit ligg  
 sít þer Haugna  
 til giarta scarop  
 at þer Buina lindir  
 Gleandi Haugna, til giarta scarop

Gripiþapit þriflungr ° Geyndi. at, recte  
 víþ holundo  
 ne ser víþ þra  
 saran dauþa.  
 Sleir mic þat Atli  
 at gefur þu latna  
 menn þina marga  
 er mettir varo  
 fíðr ofsom sverþom  
 aþer svelta fengir ° Seydda, recte  
 gefur or merr syftir  
 meiddann þinn broþr.  
 " Skalatt enn Gunnarr  
 eþro mela  
 Gucca sonr  
 at grafvitnis boli  
 ne hryggv coma  
 til getta fauþr  
 gefir fyr þuflungr  
 bauþvi varuz. ° at þena  
 þess man Goprim  
 graliga reca  
 er oðcr let Atli svikna.  
 Gon min þer honongr  
 giorto gefa  
 Gucca þinna  
 geit at queldverþi  
 oc blandinn moþ  
 bloþi þer  
 dreccr þu or scalom  
 scarar fialla ° Capitel. post.  
 Su man þic Gugraun al. Sia  
 Gardaz bita  
 er þer Guþrim bregþr  
 gleþom slicom  
 Scann min þin efi  
 at Scioldunga líþna ° post. at sijn  
 illan fer þu enda  
 af orom síþþellom.  
 Nan þic Goprim  
 geiri leggja  
 oc riflungr  
 nerrí Starða  
 leica man þin hauþl  
 i loga rafþom  
 svá man þu a naþróndom  
 niþkaggrí gefinn  
 Soþinn er ni grabacr  
 oc grafvitnir  
 goin oc moin  
 oc grafvauþlufþr  
 ofnir oc svafnir ° hecl. a Y. for. om.  
 eitr fanir.

# Heimildir

## *Frumheimildir*

### Handrit

Add. 11192

ÍB. 299, 4to

ÍB. 340, 8vo

ÍB. 381, 8vo

ÍB. 539, 8vo

ÍBR. 36, 4to

ÍBR. 24, 8vo

ÍBR. 120, 8vo

JS. 11, fol

JS. 231, 4to

JS. 273, 4to

JS. 429, 4to

JS. 55, 8vo

JS. 494, 8vo

Lbs. 298, fol

Lbs. 214, 4to

Lbs. 215, 4to

Lbs. 636, 4to

Lbs. 848, 4to

Lbs. 1298, 4to

Lbs. 1441, 4to

Lbs. 1689, 4to

Lbs. 2286, 4to

Lbs. 437, 8vo

Lbs. 665, 8vo

Lbs. 712, 8vo

Lbs. 903, 8vo

Lbs. 1341, 8vo

Lbs. 1609, 8vo

Lbs. 2298, 8vo



NKS. 1877, 4to

SÁM. 66

Uldall 327, 4to

## Útgáfur

Árni Böðvarsson. *Brávallarímur*. 1965. Útg. Björn K. Þórólfsson. (Rit Rímnafélagsins VIII). Reykjavík.

*Die Edda*. 1851. Útg. Simrock, Karl. Stuttgart und Tübingen.

*Edda* 1787, 1818, 1828. [Útgáfa Árnanevndar.] Bindi 1 (1787), 2 (1818), 3 (1828). Hafniæ/Havniæ.

*Edda Sæmundar hinns Fróða*. 1818. Útg. Rask, Erasmus Christianus. Holmiæ.

*Edda Sæmundar hinns fróða* II. 1866. Þýð. Thorpe, Benjamin. London.

*Flateyjarbók* I–III. 1860–1868. [Útg. Unger, C.R. og Guðbrandur Vigfússon] Christiania.

*Fornaldar sögur norðrlanda*. 1829. Útg. Rafn, Carl Christian. Kaupmannahöfn.

Gunnar Pálsson. *Bréf Gunnars Pálssonar* I. 1984. Útg. Gunnar Sveinsson. Reykjavík.

*Heimskringla* I. 1941. Útg. Bjarni Aðalbjarnarson. (Íslenzk fornrit XXVI). Reykjavík.

*Die Lieder der Edda von den Nibelungen. Stabreimende Verdeutschung nebst Erläuterungen*. 1837. Þýð. Etmüller, Ludwig. Zürich.

*La saga des Nibelungen dans les Eddas et dans le nord scandinave*. 1866. Þýð. Laveleye, E. de. Paris.

*Sól er á morgun*. 1945. Útg. Snorri Hjartarson. Reykjavík.

*Sæmund den vises Edda*. 1818. Útg. Afzelius, Arv. Aug. Stockholm.

*Two versions of Snorra Edda from the 17th century*. I *Edda Magnúsar Ólafssonar*. 1977. Útg. Faulkes, Anthony. Reykjavík.

*Vølsunga saga ok Ragnars saga loðbrókar*. 1906–1908. Útg. Magnus Olsen. København.

*Pulur og þjóðkvæði*. 1898. Útg. Ólafur Davíðsson. Kaupmannahöfn.

## **Eftirheimildir**

Afzelius, Arv. Aug. 1818. *Sæmund den vises Edda*. Bihang. Stockholm.

[Birgir Thorlacius] 1818. *Edda*. Lectori! Havnix.

Bjarni Guðnason. 1969. Gerðir og ritþróun Ragnars sögu loðbrókar. *Einarsbók*. Ritstj. Bjarni Guðnason, Halldór Halldórsson, Jónas Kristjánsson. Reykjavík:28–37.

Björn K. Þórólfsson. 1965. *Brávallarímur*. Inngangur. Athugasemdir. Skýringar. Reykjavík.

Bugge, Sophus. 1867. *Norræn fornkvæði*. Fortale. Anmærkning til Sigrdrífumál. Christiania.

Cottle, A.S. 1797. *Icelandic Poetry or the Edda of Saemund*. Introduction. Bristol.

Dronke, Ursula. 1969. *The Poetic Edda I*. Oxford.

Einar G. Pétursson. 2007. Akrabók. *Gripla XVIII*:133–152.

Ettmüller, Ludwig. 1837. *Die Lieder der Edda von den Nibelungen*. *Stabreimende Verdeutschung nebst Erläuterungen*. Gunnars Harfenschlag. Zürich.

Fidjestøl, Bjarne. 1999. *The Dating of Eddic Poetry*. (Bibliotheca Arnamagnæana 41). Hafnia.

Finnur Jónsson. 1926–1928. *Ordbog til de af Samfund til udg. af gml. nord. litteratur udgivne rímur samt til de af Dr. O. Jiriczek udgivne Bósarimur*. København.

Finnur Jónsson. 1931. *Lexicon poeticum*. København.

Finnur Magnússon. 1822. *Den ældre Edda II*. Indledning. Kjöbenhavn.

Gísli Sigurðsson. 2002. Melsteðs Edda – síðasta handritið heim? *Handritin*. Ritstj. Gísli Sigurðsson og Vésteinn Ólason. Reykjavík:179–186.

Gunnar Sveinsson. 1997. *Bréf Gunnars Pálssonar II*. *Athugasemdir og skýringar*. Reykjavík.

Gunnar Sveinsson. 2000. Lærdómsmaðurinn Gunnar Pálsson. *Lesbók Morgunblaðsins* 16. desember 2000:12–13.

Haukur Þorgeirsson. 2008. „Hinn fagri foldar son“. *Páttur úr handrita- og viðtökusögu Snorra-Eddu*. Væntanleg í Griplu.

Jónas Kristjánsson. 2002. Hrafnagaldur Óðins - Forspjallsljóð. *Lesbók Morgunblaðsins* 27. apríl 2002:4-6.

Kristján Árnason. 2002. Hljóðdvöl í Hrafnagaldri Óðins. *Lesbók Morgunblaðsins* 25. maí 2002:11.

Kålund, Kristian. 1900. *Katalog over de oldnorsk-islandske Håndskrifter i Det store kongelige Bibliotek og i Universitetsbiblioteket*. København.

Lassen, Annette. 2006. Hrafnagaldur Óðins / Forspjallsljóð : et antikvarisk digt? *The Fantastic in Old Norse/Icelandic Literature*:551-560.

Laveleye, E. de. 1866. *La saga des Nibelungen dans les Eddas et dans le nord scandinave*. Préface. Le chant de harpe de Gunnar. Paris.

Madan, Falconer. 1980. *A summary catalogue of western manuscripts in the Bodleian Library at Oxford* IV. Oxford.

Maurer, Konrad. 1868. Über isländische Apokrypha. *Germania* XIII:59–76.

Munch, P.A. 1847. *Den ældre Edda*. Fortale. Christiania.

Müller, Peter Erasmus. 1818. *Sagabibliothek med Anmærkninger og indledende Afhandlinger* II. Kiøbenhavn.

Ólafía Einarsdóttir. 1993. Dronning Aslaug i Island. *Gripla* VIII:97–108.

Páll Eggert Ólason. 1918–1937. *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. Bindi I, 1 (1918), Bindi I, 2 (1921), Bindi I, 3 (1923), Bindi I, 4 (1925), Bindi II, 1 (1927), Bindi II, 2 (1929), Bindi II, 3 (1931), Bindi II, 4 (1932), Bindi III, 1 (1935), Bindi III, 2 (1937). Reykjavík.

Páll Eggert Ólason. 1948–1952. *Íslenzkar æviskrár*. Bindi I (1948), II (1949), III (1950), IV (1951), V (1952). Reykjavík.

Petersen, Niels Matthias. 1865. Bidrag til den oldnordiske literaturs historie. *Annaler for nordisk oldkyndighed og historie* 1861:5–304.

Rask, Erasmus Christianus. 1818. *Edda Sæmundar hinns Fróða*. Vþbætur. Holmiæ.

Simrock, Karl. 1851. *Die Edda*. Atlamal. Gunnars Harfenschlag. Stuttgart und Tübingen.

[Skúli Thorlacius] 1787. *Edda*. Ad lectorem. Hafniæ.

Stafford, Fiona. 1996. *The Poems of Ossian and related works*. Introduction. Útg. Gaskill, Howard. Edinburgh.

Steinn Steinarr. 1986. *Kvæðasafn og greinar*. Reykjavík.

Stewart, Susan. 1994. Scandals of the Ballad. *Crimes of Writing*. Durham and London:102–131.

Sveinn Pálsson. 1944. *Æfisaga Bjarna Pálssonar*. Akureyri.

Thorpe, Benjamin. 1866. *Edda Sæmundar hinns fróða* II. Preface. London.